

FASTEIGNIR

Ný fasteignasala í Vesturbænum

Sérblað um fasteignir
allt FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON

Fór á stærstu tækni-sýningu veraldar

GRÆJUR
Í MIÐJU BLAÐSINS



BÖRKUR SIGÞÓRSSON

Silvía Nótt á suðrænum slóðum

Leikstýrir divunni í mexíkóskri sápu
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. mars 2007 – 84. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Deila um texta í Eurovision



Kristján Hreinsson fékk ekki að semja textann við sigurlagið.

FÓLK 22

Grín til á lager

Pétur Jóhann Sigfússon er spenntur fyrir Stóra planinu og segir mikilvægt að fást við fjölbreytt viðfangsefni.



FÓLK 30

Atgeir og Axjón

„Íraksstríðið var rangt. Heimurinn er ekki betri í dag en hann var árið 2003. Við hljótum að skora á Geir og Jón að sjá nú að sér og sýna þann manndóm að hlíta dómi sögunnar, ganga fram fyrir þjóð sína og biðjast afsökunar,“ skrifar Hallgrímur Helgason.

Í DAG 16


Naumur sigur hjá KR

KR vann fyrsta leikinn í undanúrslitaeinviginu gegn Snæfelli í gær. Lokaleikhlutinn var æsispennandi eftir að KR hafði yfirspilað Snæfell lungann úr leiknum.



ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR - Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Rigning austan til, annars skúrur eða él. Hiti 1-10 stig, svalast á Vestfjörðum en mildast á Austurlandi.

VEDUR 4



HÁTÍÐ Í BERLÍN Fjölmenni fylgdist með flugeldasýningu yfir Brandenburgarhlíðinu í Berlín í gærkvöldi, í tilefni af fimmtugsafmæli Evrópusambandsins og leiðtogafundi þess sem slitið var fyrr um daginn í þýsku höfuðborginni. Leiðtogar aðildarríkjanna 27 sammæltust um að taka saman höndum um að koma sambandinu sem fyrst út úr þeirri stjórnarskrárkreppu sem það hefur átt við að etja í tæp tvö ár.

Andstaða við stækkun álvers minnkar

Tæp 56 prósent segjast nú vera andvíg stækkun álversins í Straumsvík en 63 prósent sögðust andvíg stækkun fyrir mánuði. Talsmaður Alcan og bæjarstjóri Hafnarfjarðar segja stöðuna í Hafnarfirði aðra.

SKOÐANAKÖNNUN 55,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins á landsvísu segjast andvíg stækkun álversins í Straumsvík. Þetta er nokkuð lægra hlutfall en þegar sama spurning var lögð fyrir 24. febrúar. Þá sagðist 63,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku vera andvíg stækkun. Lítil munur er á afstöðu eftir búsetu; 56,7 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast andvíg stækkun, en 54,1 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Valgerður Halldórsdóttir, einn talsmanna Sólar í Straumi, segist geta verið ánægð með niðurstöðuna, miðað við það ótakmarkaða magn fjármuna sem Alcan hafi dælt í kosningabaráttuna. „Þetta hefur verið gríðarlega hörð kosningabaráttastaklinga gegn stórfyrirtæki og bæjarstjórnin hefur valið að þegja þunnu hljóði. Þetta verður líklega notað sem skólabókardæmi um hvernig eigi ekki að framkvæma íbúalýðræði. Það eru engar leikreglur og við, íbúarnir, fengum 450.000 króna styrk til að kynna okkar sjónarmið. Það er síðan algjörlega út í hött hversu miklu álfyrirtækið hefur til kostad.“

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, segir það ánægjulegt að fleiri séu nú fylgjandi stækkun álversins en í síðustu könnun blaðsins. „Á hinn bóginn er það afstaða Hafnfirðinga sem ræður þessu, en ekki landsmanna allra.“


Spurður hvort mikil kynning hefði ekki átt að skila enn meiri jákvæðri fylgni við stækkunaráform segist Hrannar ekki telja það. „Þótt við höfum auglýst nokkuð í stóru blöðunum hefur það ekki verið markmið okkar að sannfæra alla landsmenn um ágæti þessa verkefnis,“ segir hann.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, er sammála Hrannari um að erfitt sé að yfirfæra niðurstöður þessarar könnunar á stöðuna í Hafnarfirði. „Ég held að þetta sé mjög í járnnum, en það er niðurstaðan sem kemur upp úr kjörkössunum hér sem ræður úrslitum í þessu.“

Lúðvík segir álverskosninguna brenna á Hafnfirðingum og mikil umræða eigi sér stað í bænum um þessar mundir. Hafnfirðingar greiða atkvæði um stækkunina næsta laugardag.

- ss/ sjá síðu 4

ERTU FYLGJANDI EÐA ANDVÍG(UR) STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK?




Samkomulag um takmarkanir á auglýsingum flokkanna kynnt í dag: Ekki bannað að auglýsa í sjónvarpi

STJÓRN MÁL Stjórn málaflökkum verður ekki meinað að birta auglýsingar í fjölmiðlum síðustu vikuna fyrir kosningar, né verður óheimilt að auglýsa í sjónvarpi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þetta er niðurstaða viðræðna framkvæmdastjóra stjórn málaflökkanna, sem fundað hafa stift um málið undanfarna daga.

Samkomulagið var svo gott sem í höfn í gærkvöldi og til stendur að kynna það á blaðamannafundi í dag. Heimildir Fréttablaðsins herma að heildarauglýsingakostnaður hvers flokks verði takmarkaður, líklega við 28 milljónir eins og rætt hefur verið um. Undanskildar þessari upphæð verða auglýsingar sem birtast í landshlutamiðlum, og verður flokkunum því heimilt að auglýsa þar að vild.

Tillögur voru lagðar fram um að meina flokkunum alfarið að auglýsa í sjónvarpi, auk þess að engar auglýsingar yrðu leyfðar í síðustu vikunni fyrir kosningar, en ekki mun hafa náðst samstaða um þær tillögur.

- sh



Komdu norður!

Helgarævintýri á Akureyri

Ennþá til miðar í staði

lit

mid.is 28. mars

Í okkar huga er enginn vafi á því að sé vilji til áframhaldandi uppbyggingar stóriðju á Íslandi er

stærra og betra álver

í Straumsvík hagkvæmasti kosturinn, jafnt fyrir Hafnfirðinga sem aðra landsmenn.

Stækkun álversins í Straumsvík gerir það mun betra í mörgu tilliti fyrir eigendur þess, starfsfólk, samstarfsaðila, Hafnfirðinga og landsmenn alla. Þess vegna er mikið í húfi þegar íbúar í Hafnarfirði ganga að kjörborðinu í lok mánaðarins og ákvarða um framtíð fyrirtækisins.

Stærra álver verður betra vegna þess að það nýtir mörg af mannvirkjum sínum betur en ella í stað þess að byggja þurfi ný frá grunni. Það verður líka betra vegna þess að það tekur í notkun nýjustu og fullkomnustu tækni sem völ er á til aukinnar hagkvæmni, meiri gæða í framleiðslu og minni mengunar fyrir hvert framleitt tonn en verið hefur.

Stærra álver verður líka betra vegna þess að það margfaldar núverandi tekjur Hafnfirðinga vegna aukinnar framleiðslu og breytts skattaumhverfis. Það verður betra því það eykur útflutningsverðmæti þjóðarbúsins til muna og skilar auknum beinum og óbeinum tekjum til samfélagsins á hverju ári. Stærra álver nýtir betur sérhæfða þekkingu starfsfólks síns, eykur starfsöryggi þess til langs tíma og opnar hundruðum nýrra vinnandi handa tækifæri til starfa í álverinu eða afleiddum störfum í margskonar þjónustu við starfsemi þess.

Flestum er ljóst að álverið í Straumsvík hefur náð frábærum árangri í mengunarförnum. Mengun frá starfsemi þess er langt undir öllum þeim mörkum sem heilsu fólks stafar ógn af. Þess vegna eru kornabörn jafnt sem aldraðir og allt annað fólk óhult í nágrenni álversins og jafnvel miklu betur sett hvað mengun í andrúmslofti varðar en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Á því verður engin breyting með stækkun álversins.

Með ennþá betra álveri í Straumsvík og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til framleiðslu eins umhverfisvænasta smíðaefnis sem völ er á í heiminum, má segja að Íslendingar leggi enn frekar af mörkum til vistvænna búskaparhátta heimsbyggðarinnar. Um það tækifæri er líka kosið þann 31. mars.

Umfang álversins eftir stækkun

Framleiðsla eykst um	155%
Húsrými eykst um	85%
Lóð stækkar um	56%

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,31	66,63
Sterlingspund	130,3	130,94
Evra	88,78	88,53
Dönsk króna	11,849	11,919
Norsk króna	10,866	10,93
Sænsk króna	9,483	9,539
Japanskt jen	0,5635	0,5667

SDR	100,2	100,8
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	120,4073	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Blair segir bresku stjórnina líta mál sjóliðanna í Íran mjög alvarlegum augum:

Sjóliðarnir voru ekki í íranskri lögsögu

BRETLAND, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að bresku sjóliðarnir fimmtán sem Íranar handtóku á Persaflóa á föstudag hefðu ekki verið í íranskri lögsögu og beindi þeim orðum til íranskra ráðamanna að breska ríkisstjórnin liti málið mjög alvarlegum augum. Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Berlín sagði Blair að fullyrðingar Írana um að Bretarnir hefðu verið í heimildaleysi í íranskri lögsögu væru „einfaldlega ósannar“.

„Ég vil finna lausn á málinu á eins einfaldan og nærfærinn hátt og unnt er,“ sagði Blair en bætti við að hann vonaðist til að Íranar skildu „hversu mikið grundvallarmál þetta er fyrir bresk stjórnvöld“.

Bresk yfirvöld greindu frá því að sendierindrar þeirra hefðu hitt fulltrúa Íransstjórnar í Teheran í gær, þar sem kröfum þeirra um að fá



að hitta hina handteknu var hafnað. Íranar vildu ekki einu sinni gefa upp hvar nákvæmlega þeim væri haldið föngnum. Íranska ríkisstjórnvarpið sagði frá því að breski sendiherrann Geoffrey Adams hefði verið boðaður í utanríkisráðuneytið „til að taka á móti mótmælum við því að breskir sjóliðar hefðu ólöglega farið inn í lögsögu Írans“.

Talsmenn Íransstjórnar hafa lýst atvikinu sem „skýlausri innrás“ í íranska lögsögu en bresk yfirvöld hafa staðfestlega haldið því fram að sjóliðarnir hafi verið í íranskri lögsögu í Shatt-el-Arabósnum, en um hann liggja landamæri Íraks og Írans.

BLAIR Í BERLÍN Blair ásamt þýska kanslaranum Angelu Merkel í hátiðarkvöldverði vegna fimmtugsafmælis Evrópusambandsins í fyrirkvöld.



TF-LÍF Þylur Landhelgisgæslunnar geta mest flogið 240 sjómíllur á haf úti.

Óskað eftir hjálp vegna slyss: Þyrlan kom 15 tímum seinna

SLYS Slasaður sjómaður með stungusár á kálfa var sóttur um borð í kolmunnaskipið Guðmund VE suður af landinu í gærmorgun. Haft var samband við Landhelgisgæsluna um hálfjögur í fyrradag, og var skipið þá státt um 400 sjómíllur frá landi. Þyrlur Gæslunnar drífa ekki svo langt, þannig að skipið sigldi áleiðis til lands. Maðurinn var ekki kominn um borð í þyrluna fyrr en fimmtán klukkustundum síðar, klukkan hálf sjö í gærmorgun.

Maðurinn var fluttur á Landspítalann þar sem gert var að sárum hans, en talsvert hafði blætt úr kálfanum. Hann var útskrifaður í gær.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tveir stútar og einn reyktur

Lögreglan á Akranesi tók tvo menn fyrir ólunarakstur við reglubundið eftirlit í fyrri nótt. Þá var einn tekinn grunaður um akstur undir áhrifum kannabiseftis, en lítillhátar magn af kannabiseftinum fannst við leit í bíl hans.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kastaði grjóti í lögreglustöð

Karlmaður var handtekinn í fyrradag við skrifstofur Lögreglustjórans á Suðurnesjum þar sem hann var staðinn að verki við að brjóta rúður í byggingunni með grjótkasti. Honum hafði tekist að brjóta fjórar rúður og var látinn gista fangageymslu.

Meirihluti andvígur stækkun í Straumsvík


Tæp 56 prósent segjast nú vera andvíg stækkun álversins í Straumsvík. Rúm 63 prósent sögðust andvíg stækkuninni í könnun blaðsins í febrúar. Konur eru frekar líklegar til að vera andvígur stækkun en karlar. Lítil munur eftir búsetu.

SKOÐANAKÖNNUN Ef miðað er við niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var 24. febrúar, eru nú fleiri á landsvísu fylgjandi stækkun álversins í Straumsvík. Nú segjast 55,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku vera andvíg stækkun, en 44,3 prósent fylgjandi. Í febrúar sögðust 63,1 prósent vera andvíg stækkun og 36,9 prósent fylgjandi. Kosid verður í Hafnarfirði um næstu helgi um deiliskipulag sem mun leyfa stækkun, verði tillagan samþykkt.

Nánast engin munur er á afstöðu fólks til stækkunar álversins í Straumsvík eftir búsetu, það er eftir því hvort fólk býr á höfuðborgarsvæðinu, þar sem meistar árifa mun gæta, eða á landsbyggðinni. His vegar er töluverður munur eftir kyni. 64,0 prósent kvenna eru andvíg stækkuninni og 36,0 prósent þeirra eru fylgjandi. Meirihluti karlanna, eða 52,0 prósent eru hins vegar fylgjandi stækkun, en 48,0 prósent eru andvíg. Í febrúar var meirihluti karlanna, 58,3 prósent, andvígur stækkun.

Ef litið er á afstöðu fólk eftir því hvaða stjórnmálaflokka það segist munu kjósa er meirihluti stuðningsfólks Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fylgjandi stækkun álversins. 77,1 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn eru fylgjandi stækkun og 73,4 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Stuðningsfólk Frjálslynda flokksins skiptist í tvær jafnstórar fylkingar. Helmingur stuð-



ingsmanna Frjálslynda flokksins er fylgjandi og helmingur andvígur stækkun.

Meirihluti stuðningsmanna annarra flokka er stækkun andvígur. Rúm 95 prósent stuðningsfólks umhverfisflokka tveggja, Íslandshreyfingarinnar og Vinstri grænna, eru andvíg stækkun. Þá er 65,4 prósent stuðningsmanna Samfylkingar andvíg stækkun, en 34,6 prósent fylgjandi.

Af þeim sem ekki gáfu upp

hvaða stjórnmálaflokk þeir muni kjósa segjast 54,3 prósent vera andvíg stækkun, en 45,7 prósent fylgjandi.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri, af landinu öllu og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) stækkun álversins í Straumsvík? 78,1 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Nýtt félag iðnaðarmanna: Félagsgjöldin lækka verulega

FÉLAGSMÁL Fyrsti aðalfundur VM, Félags vélstjóra og málmteknimanna, var haldinn um helgina á Grand Hótel Reykjavík. Þetta er fyrsti aðalfundur félagsins eftir sameiningu Vélstjórafélags Íslands og Félags járníðnaðarmanna.

Fram kom á fundinum að sameining félaganna hefði gengið ágætlega og samkvæmt áætlun. Meðal þess sem samþykkt var á fundinum var að lækka félagsgjöld um tuttugu prósent frá og með 1. janúar 2008. Það er einn af mörgum ávinningum félagsmanna eftir sameiningu félaganna.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var í fyrsta sinn úthlutað úr Akki, Styrktar- og menningarsjóði vélstjóra og vélfræðinga. Að þessu sinni komu rúmlega sex milljónir króna til úthlutunar og voru styrkþegar sjö talsins.

Hlutfjárútbóð Teymis hf.: 57 prósent umframeftirspurn

VIÐSKIPTI Fagfjórðingur sóttust eftir 57 prósent fleiri hlutum í Teymi hf. en stóðu til boða í nýloknu hlutfjárútbóði félagsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Hlutfafé Teymis var aukið um fjóra milljarða króna að söluvirði í útbóðinu sem lauk á föstudag. Núverandi hluthöfum bauðst að kaupa helming af auknu hlutfé og var umframeftirspurn því veruleg.

Teymi er eignarhaldsfélag í fjarskipta- og upplýsingatæknigeiranum. Dótturfélag þess eru meðal annarra Vodafone, SKO, Kögum, Skýrr og EJS.

Einstakt úrval af snyrtivörum fyrir þig

Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa lyf eða snyrtivörur fyrir þig og þá sem þér þykir vænt um. Þú færð allt sem lætur þér líða vel í Lyf & heilsu Kringlunni.

Lyf & heilsa Kringlunni

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» miðvikudagur

Stað	Veður	Hitastigi
Kaupmannahöfn	13°C heiðskirt	London 14°C heiðskirt
Billund	12°C heiðskirt	Paris 13°C heiðskirt
Oslo	13°C hálfskýjað	Frankfurt 15°C hálfskýjað
Stokkhólmur	12°C heiðskirt	Friedrichshafen 13°C hálfskýjað
Gautaborg	8°C heiðskirt	Berlín 14°C heiðskirt
Alicante	18°C skúrir	Mallorca 13°C hálfskýjað
Basel	12°C hálfskýjað	Eindhoven 14°C heiðskirt
Las Palmas	19°C hálfskýjað	

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Hvort viltu afslátt eða gott verð?

Endalaus tilboð, afslættir og útsölur dynja á íslenskum neytendum árið um kring. Vörur eru auglýstar með afsláttum af verði sem hefur líklega aldrei verið til. Fullt verð er kallað tilboð. Útsölur ganga 365 daga ársins.

Neytendur elta ruglið og spyrja um afslátt frekar en verð. En það er ekki þeim að kenna, heldur „Muskó“ væðingunni í viðskiptalífinu. Aldrei áður hafa orðin útsala, tilboð og afsláttur verið jafn illilega misnotuð.

Skoðaðu málið á www.musko.is



Verum vel á verði!

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

KJÖRKASSINN



Ertu skráð(ur) í stjórnmála-flokk?

Já	36%
Nei	64%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga grunnskólanemar að fá að halda tölvuleikjamat í skólum?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Framboð Frjálslyndra og Íslandshreyfingar mælast rétt um og yfir lágmarksfylgi:

Gæti bjargað ríkisstjórninni

STJÓRN MÁL Íslandshreyfingin og Frjálslyndi flokkurinn gætu valdið því að ríkisstjórnin héldi velli, segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Samkvæmt lögum þarf fimm prósentu fylgi til að framboð geti fengið jöfnunarþingmann. Í nýjstu könnun Fréttablaðsins nýtur Íslandshreyfingin fimm prósentu fylgis. „Það gæfi henni þrjú þingmenn á Alþingi,“ segir Baldur. „Fái hún hins vegar 4,9 prósent atkvæða nær hún kannski engum manni inn. Og ef flokkarnir myndu báðir lenda undir fimm prósentunum, þá á hvorugur rétt á



BALDUR ÞÓRHALLSSON

jöfnunarþingsætum. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins er tæpt á því að þeir nái kjördæmakjörnum manni inn. Fari svo er ríkisstjórnin komin í meirihluta.“

„Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru samantlagt með meira fylgi en Samfylking

og Vinstri græn. Stjórnin hefur á síðustu mánuðum ekki mælast með þingmeirihluta en ef þessir litlu flokkar taka til sín um níu prósentu fylgi og ná ekki inn mönnum er mun þyngra í vöfum fyrir stjórnarandstöðuna. Þetta gæti því gjörbreytt pólitískri stöðu mála,“ segir Baldur.

„Það að flokkur nái fimm prósentum hefur afar mikla þýðingu, því þá fær hann að öllum líkindum þrjú þingmenn kjörna á einu bretti,“ segir Baldur, sem telur þennan fimm prósentu þröskuld einmitt gerðan til að koma í veg fyrir að margir smáflokkar komist inn á Alþingi.

- kóp

Tilvonandi kannabisræktandi:

Gripinn við að stela drykkjum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri handtók karlmann á þritugsaldri aðfaranótt laugardags á veitingastað sem hann hafði brotist inn á. Maðurinn var önnurinn inn við að safna sér drykkjarkjöngum af barnum þegar lögregluna bar að garði. Hann stökk á flotta en náðist og fékk að gista fanga-geymslur.

Daginn eftir var gerð húsléit heima hjá manningum og fannst þá visir að umfangsmikilli kannabisrækt. Gróðurhús hafði verið útbúið í einu herberginu og hald var lagt á þrjú blómátt og annan búnað sem einsýnt þótti að væri ætlaður til ræktunarinnar.

- sh

LÖGREGLUFRETTIR

Játaði á sig fimm innbrot

Átján ára piltur hefur gengist við því að hafa brotist inn í fimm fyrirtæki og verslanir á Akureyri nýverið. Hann var handtekinn á laugardag eftir að talsvert magn af ætluðu þýfi fannst við húsléit. Honum hefur verið sleppt og málið telst upplýst.

ÞÝSKALAND

Mohnhaupt laus

Brigitte Mohnhaupt, sem fyrir þremur áratugum var talin ein hættulegasta kona Þýskalands, var í gær látin laus úr fangelsi þar sem hún hafði dúsað í yfir aldarfjórðung. Hún var árið 1985 dæmd í fimmfalt lífstíðarfangelsi fyrir morð og hryðjuverk, unnin í nafni vinstriflokkarinnar Rauðu herdeildanna.

Styttist í göng milli Evrópu og Afríku

Stjórnvöld á Spáni og í Marokkó stefna að því að gera göng undir Gíbraltarsund. Bjartsýni ræður ríkjum og er reiknað með að framkvæmdir geti hafist strax á næsta ári. Vonast er eftir fjármagni frá Evrópusambandinu.

SAMGÖNGUR Meira en tveir áratugir eru frá því sú hugmynd komst á kreik að gera göng eða brú milli Spánar og Afríku á Gíbraltarsundi. Þessi hugmynd virðist nú ætla að verða að veruleika.

Bjartsýnir menn á Spáni og í Marokkó reikna með að vinna við göngin hefjist strax á næsta ári. Hugmyndin er sú að göngin verði eingöngu ætluð til járnbrautarferða, en lestirnar geti flutt bæði farþega, vörufarm og bifreiðar.

„Þetta er metnaðarfullt verkefni, en við erum viss um að geta ráðið við það,“ sagði Driss Jettou, forsætisráðherra Marokkó, þegar starfsbróðir hans frá Spáni, Jose Luis Rodriguez Zapatero, kom í heimsókn til höfuðborgarinnar Rabat nú í byrjun mars.

Þeir hétu því að hrinda þessu verki í framkvæmd, nú þegar þriggja ára undirbúningsvinnu er að ljúka.


Zapatero var alveg jafn bjartsýnn og sagði gangagerðina „sögulegt verkefni“ sem muni „breyta ásjáð Afríku og Evrópu.“

Gíbraltarsund er þrengra en Ermarsund milli Bretlands og Frakklands, sem nú hefur verið fært fyrir umferð í gegnum göng í þrettán ár. Ermarsundsgöngin eru 51,5 kílómetrar, eða tíu kílómetrum lengri en Gíbraltarsundsgöngin verða, fari svo að þau verði gerð. Á hinn bóginn er Gíbraltarsund miklu dýpra en Ermarsund, þannig að bæði hönnun og vinna við göngin verður töluvert erfiðari viðfangs.

Óljóst er hver endanlegur kostnaður yrði, en nefndar hafa verið tölur sem svara frá innan við 500 milljörðum króna og allt upp í þúsund milljarða króna og ríflega það. Kostnaður við gerð Ermarsundsganganna nam rúmlega þús-


Járnbrautargöng milli Evrópu og Afríku

Áætlanir stjórnvalda á Spáni og í Marokkó um að gera göng milli Evrópu og Afríku um Gíbraltarsund eru óðum að verða að veruleika.



Gíbraltarsund: Of djúpt fyrir göng þar sem þrengst er Gíbraltarsund Ermarsund*

	Gíbraltarsund	Ermarsund*
Lengd	40km	50km
Neðansjávar	28km	39km
Dýpt**	300m	75m
Frumkostnaður\$	\$13bn	\$7bn*
Verklök	2025	1994



*Tengja Bretland og Frakkland. Endanlegur kostnaður \$16bn **Mest undir sjávarbotni Heimild: International Tunneling Association, Lombardi Engineering © GRAPHIC NEWS

und milljörðum króna, þannig að þetta verður líklega verkefni af sambærilegri stærðargráðu.

Hugmyndin er sú að fá Evrópusambandið til að standa straum af kostnaðinum að verulegu leyti, en einnig muni ríkisfyrirtæki á Spáni og Marokkó safna fé til verkefnisins.

Í heild verða Gíbraltarsundsgöngin um 40 kílómetrar að lengd,

eða tæplega sex sinnum lengri en Hvalfjarðargöngin.

Meiningin er sú að gera þrenn göng, þannig að tvö þeirra verði fyrir járnbrautir, önnur fyrir umferð til suðurs en hin til norðurs, og svo verði þriðju göngin á milli þeirra ætluð til að sinna viðhalds- og viðgerðarþjónustu ásamt neyðaradstöð.

gudsteinn@frettabladid.is

120 1886 2006

LANDSBANKINN SIMI 410 4000 FYDDU Í SPÁNNI

Sparaðu með kortinu

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Sparaðu annaðhvort með debet- eða kreditkortu
- Hækkaðu hverja færslu upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. eða um ákveðna upphæð
- Veldu sparnaðarreikning

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki biða lengur.

Landsbankinn

Lotus Professional pappírsvörur

Á tilboði í mars 2007

LinStyle serviettur og dúkar, JustOne serviettur og serviettubox

Halldór Sigdórsson
þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

2.388 kr.

JustOne startpakki serviettubox og 600 serviettur

794 kr.

LinStyle serviettur 40x40cm, 50stk

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 Rekstrarvörur ára 1982-2007

Norður-írski heimastjórnarþingið kemur saman í dag:

Nýr stjórnarmyndunarfrestur?

BELFAST, AP Breski Norður-Írlandsmálaráðherra Peter Hain greindi frá því í gær að frestur sem bresk stjórnvöld hafa gefið stærstu stjórnmálaflokkum Norður-Írlands til að koma sér saman um að setj-

ast saman í nýja heimastjórn kynni að verða framlengdur eftir að stærsti flokkur sambandsins, DUP, skuldbatt sig til að setjast þó niður til samingaviðræðna við fulltrúa Sinn Féin, stærsta flokks

kapólskra lýðveldissinna. Flokksstjórn DUP ákvað á laugardag að sinna ekki frestinum sem breska stjórnin hafði gefið til stjórnarmyndunar og rennur út í dag. En í samþykkt flokksins sagði Hain einnig felast góðar fréttir; flokkurinn hefði í fyrsta sinn sagst reidubúinn til viðræðna við Sinn Féin innan næstu sex vikna. Breska stjórnin myndi gera sitt til að sjá til þess að af því verði.

Norður-írski þingið kemur í dag í fyrsta sinn saman eftir kosningar 7. mars. Fyrsta verk þess á að verða að kjósa hina tólf manna heima-stjórn, en ljóst er að ekki verður af því nema samkomulag takist fyrst milli stærstu flokkanna; Sinn Féin og DUP.

- aa



IAN PAISLEY Hinn áttæði leiðtogi DUP mættir ásamt syni sínum og nafna á flokksstjórnarfund í Belfast á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NÓATÚN

Nýtt í Nóatúni!

Fiskidagar í Nóatúni!

Úr Fiskborði Nóatúns

Úr Fiskborði Nóatúns

29%
afsláttur

SALTFISKUR
MEÐ HVÍTLAUK OG RAUÐL

998 kr.
kg

20%
afsláttur

ÝSA
Í INDVERSKU KARRÝ

899 kr.
kg

Fiskidagar eru til og með 28 mars.

Úr Fiskborði Nóatúns



26%
afsláttur

STEINBÍTSFLÖK
MEÐ KRYDDMARINERINU

899 kr.
kg



31%
afsláttur

STEINBÍTUR
MEÐ KARRÝ OG BÖNUNUM

899 kr.
kg

Úr Fiskborði Nóatúns



26%
afsláttur

KEILA
MEÐ KOKTEILTÓMÖTUM OG BASIL

899 kr.
kg

Úr Fiskborði Nóatúns



20%
afsláttur

ÝSA MEÐ GRASLAUK
OG FRÖNSKU SINNEPI

899 kr.
kg



20%
afsláttur

ÝSA MEÐ HVÍTLAUK
OG RJÓMAOSTI

899 kr.
kg



19%
afsláttur

RAUÐSPRETTA
AÐ DÖNSKUM HÆTTI

1.298 kr.
kg



43%
afsláttur

SALTFISKUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA

798 kr.
kg

Verði ykkur að góðu!

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hver er formaður hinnar nýstofnuðu Íslandshreyfingar?
- 2 Guðrún Björnsdóttir sigraði í kvennaflokki Grand Prix-mótsins um helgina. Hvaða íþrótt keppir hún í og fyrir hvaða félag?
- 3 Hvar var Lan-móti aflyst nýverið?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Mjög brýnt að finna langtímaúrræði fyrir heimilislausar konur í Reykjavík:

Konur á götunni neyddar í vændi

VELFERÐARMÁL „Mér finnst við svo fordómafull í garð heimilislausra. Þetta eru manneskjur sem glíma við sjúkdóm og geta ekkert að því gert,“ sagði Eva Lind Björnsdóttir á málþingi um málefni heimilislausra sem haldið var á föstudaginn. Eva var sjálf á götunni um tíma og sagði að sérstaklega þyrfti að hlúa að konum í þessum aðstæðum.

„Konukot er opið frá klukkan níu á kvöldin til tíu á morgnana. Það segir sig sjálf að það er ekki nóg. Konur á götunni þurfa húsa-skjól og aðhlyningu allan sólarhringinn,“ sagði Eva.

Talið er að á hverjum tíma séu á

bilinu fjörutíu til sextú einstaklingar heimilislausir í Reykjavík. Konur eru í miklum minnihluta en á þinginu kom fram að opinberum tölur um fjölda heimilislausra kvenna bæri að taka með

„Konur á götunni eru neyddar til þess að stunda vændi. Þetta hef ég horft upp á. Allt niður í tólf ára gamlar stúlkur og upp í sextugar konur. Það er okkar verkefni að koma þessum konum til hjálpar.“

EVA LIND BJÖRNSDÓTTIR

fyrirvara. Margar konur hefðu ekki þak yfir höfuðið en keyptu sér nótt og nótt, til dæmis með því að selja sig.

„Konur á götunni eru neyddar til þess að stunda vændi,“ sagði Eva. „Þetta hef ég horft upp á. Allt niður í tólf ára gamlar stúlkur og upp í sextugar konur. Það er okkar verkefni að koma þessum konum til hjálpar,“ sagði Eva og bætti því við að þjónusta við heimilislausar konur væri afar takmörkuð. Þær ættu til dæmis erfitt með að leita sér aðstoðar eftir nauðgun og fengju enga áfallahjálþ ef börn væru tekin af þeim.

- þo

Borgarstarfsmaður rekin:

Ætlar í kynskiptaaðgerð

FLÓRÍDA, AP Borgarráð í Largo í Flórída ákvað um helgina að Steve Stanton yrði leystur frá störfum fyrir borgina eftir að Stanton greindi frá áformum sínum um að gangast undir kynskiptaaðgerð.

Stanton gegnir embætti framkvæmdastjóra hjá borginni og hefur verið æðsti embættismaður hennar, utan borgarstjóra, í fjórtán ár.

Ráðið neitar því að Stanton sé leystur frá störfum vegna kynskiptanna, en segir ákvörðun hans hafa valdið ringulreið og upplausn í borginni. Stanton hefur ekki gert upp við sig hvort til lögsóknar komi.

- sun

Þrír handteknir fyrir rán:

Ógnuðu starfsmanni vopnaðir dúkahníf

LÖGREGLUMÁL Þrír ungir menn voru handteknir eftir vopnað rán í verslun 10-11 við Setberg í Hafnarfirði á þriðja tímanum í fyrrinótt.

Mennirnir, tveir undir tvítugu og einn um tvítugt, réðust inn í verslunina og ógnuðu starfsmanni með dúkahníf. Einn ræningjanna haldi augu sín með sólgleraugum og hinir voru með lambhúshettur á höfði. Þeir þvinguðu starfsmanninn til að opna peningakassa og tæmdu hann, stálu sigarettum og létu sig hverfa á bíl. Lögreglan fann þá skömmu síðar hjá Vífilstöðum. Enginn meiddist í ráninu.

Mennirnir voru yfirheyrðir í gær og að sögn lögreglu verður líklega farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim.

- sh

Má ekki kaupa fyrir meira en 100 þúsund á kaffisölum stjórnmalasamtaka:

Verða að skila háum framlögum

STJÓRN MÁL Stjórnmalaflokkar verða að skila fjárförlögum frá einstaklingum sem fara yfir 300 þúsund krónur svo fljótt sem auðið er, eða leggja þau inn á sérstakan bundinn reikning, samkvæmt reglum um reikningshald stjórnmalasamtaka sem Ríkisendurskoðun hefur gefið út.

Reglunum er ætlað að skýra hvernig fyrirkomulagið á framlögum til stjórnmalaflokka eigi að vera eftir að ákveðið var að hámarksframlag hvers einstaklings til flokks mætti ekki vera hærra en 300 þúsund krónur á ári.

Í reglunum er meðal annars tekið fram að erlendir ríkisborgarar og fyrirtæki megi ekki leggja fé til íslenskra stjórnmalaflokka, og að framlög tengdra aðila skuli takmarkast við samtals 300 þúsund krónur.

Stjórnmalaflokkum er óheimilt



KAFFIBANDALAG Ef hið svokallaða kaffibandalag stjórnarandstöðunnar legði fyrir sig kaffisölu mætti hver viðskiptavinur ekki versla fyrir meira en 100 þúsund krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

að selja vörur og þjónustu í fjáröflunarskyni, utan við að leigja út eigið húsnæði og að reka útgáfustarfsemi til að kynna frambjóðendur og stefnu. Undanskilin er

þó óregluleg kaffisala, merkjasala, sala happdrættismiða og barsala, að því gefnu að enginn versli fyrir hærri upphæð en 100 þúsund krónur á ári.

- bj

Blair um ástandið í Darfúr:

SP ákveði refsiaðgerðir

BERLÍN, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hvatti á afmælis-leiðtogafundi Evrópusambandsins í Berlín í gær til þess að Sam-

einuðu þjóðirnar ákveddu refsiaðgerðir gegn Súdanstjórn. Að ákveða flugbannssvæði yfir Darfúr-héraði væri meðal aðgerða sem kæmu þar til greina.

Leiðtogarnir vörðu „umtalsverðum hluta“ fundar síns í Berlín í gær í umræður um ástandið í Darfúr, sem þeir sögðu „óþolandi“.

„Aðgerðir Súdanstjórnar eru algerlega ólíðandi,“ sagði Blair. Angela Merkel, kanslari Þýskalands sem nú gegnir formennskunni í ESB, tók undir orð Blairs.

- aa



TONY BLAIR



ALLAN ÁRSINS HRING
EF ÞÚ VILT...

Það er stutt í hús á Spáni

...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:

- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Þjódum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignathjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

PERLA
INVESTMENTS

Ekki stara út í loftið

-nema þú sért staddur í Sixtínsku kapellunni

Vika í Róm

á besta stað í miðborginni

Frá **49.900 kr.**

Gist er á einu af þremur Seb Raeli hótélunum.

Takmarkað sætaframboð á þessu einstaka tilboði.

Innifalið er flug, gisting í 7 nætur með morgunverði og flugvallarskattar. Verð á mann er miðað við 2 fullorðna.

Tilboðið gildir í allar brottfarir til Rómar 3. júlí - 28. ágúst.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



plús
FERÐIR

www.plusferdir.is



ARGUS / 07-0166

10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **Viðbót** á Netinu **fyrir 1. maí næstkomandi** fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Skorður settar við reykingum í Þýskalandi:

Sátt um reykingabann

BERLÍN, AP Ákveðið hefur verið að takmarkað reykingabann verði innleitt á veitinga- og vínveitingahúsum Þýskalands, en reykingafólk mun áfram hafa vól á að reykja í sérstökum reykerbergjum og sumir staðir, svo sem tilteknar krár og bjórtjöld, kunna að verða undanþegnar banninu.

Þetta hafa stjórnir þýsku sambandslandanna 16 komið sér saman um, að því er Christian Wulff, forsætisráðherra Neðra-Saxlands, greindi frá. Málefni veitingastaða eru á valdsviði sambandslandanna, ekki sambandsríkisstjórnarinnar í Berlín. Hún ákvað í síðasta mánuði reykinga-



MERKEL OG WULFF Kanslarinn og forsætisráðherra Neðra-Saxlands. Reykingabannið er meira á könnu héraðsstjórna Þýskalands en sambandsríkisstjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

bann í almenningssamgöngum og byggingum sambandsríkisins. - aa

Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP herðir aðgerðir:

Vernda vistkerfi gegn ólöglegum veiðum

SIÁVARÚTVEGUR Verndun viðkvæmra vistkerfa fyrir skaðlegum áhrifum fiskveiða og aðgerðir gegn ólöglegum veiðum voru ofarlega á baugi á fundi fiskimálanefndar matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem er nýlega lokið. Íslensk stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að unnið sé með markvissum hætti í þessu máli og var tilkynnt á fundinum um þá ákvörðun Íslands að leggja fram um sjö milljóna króna rannsóknafé til FAO.

Samkomulag varð um að á vettvangi FAO yrðu mótaðar viðmiðunarreglur um verndun viðkvæmra vistkerfa fyrir skaðlegum áhrifum fiskveiða. Viðmiðunarreglurnar munu auðvelda ríkjum að

stjórna djúpsjárveiðum skipa á þann hátt að þau valdi ekki skaða. Samþykkt var tímaáætlun sem gerir ráð fyrir því að viðmiðunarreglurnar verði tilbúnar í ársbyrjun 2008.

Vegna baráttu FAO gegn ólöglegum fiskveiðum er lögð mest áhersla á tvö atriði, annars vegar bætt eftirlit í höfnum og hins vegar mikilvægi þess að koma í veg fyrir veiðar skipa sem sigla undir hentifána.

Samkomulag varð jafnframt um að sú staðreynd að fjöldi ríkja hefur enga raunverulega stjórn á veiðum skipa sem sigla undir fána þeirra sé eitt helsta vandamálið varðandi ólöglegar fiskveiðar.

- shá

EÐALBÍLAR

Lán til allt að 84 mánaða

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Mercedes-Benz með allt að 90% láni á afar hagstæðum kjörum. Í boði eru jafnlöng lán og á nýjum bílum, sem lækkar greiðslubyrðina til muna. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.



Opið kl. 10-18 á Laugavegi 174



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

BÍLAÞING HEKLU

Námer eitt í notuðum bílum

Dýramatur innkallaður:

Rottueitur olli dauða 16 dýra

BANDARÍKIN, AP Rottueitur í dýramat frá bandaríska fyrirtækinu Menu Foods varð að minnsta kosti sextán dýrum að aldurstíla. Í kjölfarið afturkallaði fyrirtækið sextíu milljónir dósa af katta- og hundamat. Vörurnar eru seldar í Norður-Ameríku.

Við rannsókn fundu vísindamenn amínópterín í dýramatnum. Efnið er notað til að eitra fyrir nagdýrum í sumum löndum, en sú notkun þess er bönnuð í Bandaríkjunum. Talið er að hveitiglúten í matnum hafi innihaldið eitrið. Ekki er vitað hvernig eitrið komst í snertingu við glútenið, sem var keypt frá Kína.

- sun



HÁTÍÐ FAGNAÐ Kúrdísk ungmennti héldu á lofti fána PKK ásamt mynd af uppreisnarforingjanum Abdullah Öcalan.

NORDICPHOTOS/AFP

Tyrknesk yfirvöld með viðbúnað:

Ótti um átök á hátíð Kúrda

TYRKLAND, AP Tugþúsundir Kúrda í Tyrklandi söfnuðust saman fyrir helgi til að fagna Nowrus-hátíðinni, sem markar nýtt kúrdískt ár. Samkvæmt hefð nota kúrdískir aðgerðarsinnar þennan viðburð til að halda á lofti kröfum um aðskilnað.

Tyrknesk yfirvöld voru viðbúin átökum og lögðu áherslu á að ólögleg mótmæli yrðu ekki liðin.

Undanfarin ár hafa hátíðarhöldin endað með óeirðum þar sem tugir hafa látið lífið. Spenna er sérlega mikil í ár eftir handtökur og ákærur á hendur fjölda kúrdískra stjórnmalamanna vegna meintra tengsla við uppreisnarmenn Kúrdíska verkamannaflokksins (PKK).

- sdg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slapp með lítilsháttar meiðsl

Kona velti bíl sínum í hálfu á Borgarfjarðarbraut við Grjóteyrarhæð snemma í gærmorgun. Hún var ein í bílnum og hlaut smávægileg meiðsl, en kom sér sjálf á heilsugæslu með aðstoð vegfarenda. Bíllinn skemmdist nokkuð og var fjarlægður með krana.

Datt af landgangi í sjóinn

Maður féll í sjóinn við Njarðvíkurhöfn á laugardagsmorgun. Hann hafði verið á leið um borð í bát þegar landgangurinn valt. Þegar lögregla kom á staðinn var maðurinn kominn upp á bryggju óslasaður. Hann var fluttur kaldur á Heilsugæslustöð.

Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Glitnir Fjármögnun býður trausta ráðgjöf og fjölbreyttar lausnir fyrir bílakaupendur. Við sníðum þjónustuna að þínum þörfum og hjálpum þér þannig að eignast draumabílinn.

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.glitnirfjarmognun.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4420.

HVAÐ ÞARF ÉG AÐ GREIÐA?

Dæmi um mánaðargreiðslu af 1 milljón króna bílasamningi til 7 ára.

Samsetning	Gengisáhætta	Mánaðargreiðsla*
100% ISK	Engin	15.611 kr.
34% ISK, 33% CHF, 33% JPY	Meðal	14.690 kr.
50% CHF, 50% JPY	Mikil	14.226 kr.

*M.v. Gullvidarkjör og gengi 02.03.07

GLITNIR

FJÁRMÖGNUM

Samfylkingin

Fréttablaðið 17. mars 2007.

Óperukórinn söng á kostnað aldraðra

Heilsugæslu- og verkfræðingur sem ekki hefur búið tengi við ákvarðanir sínar hefur tekið á sig verkefnið að tryggja söngvæmda-sjóður aldraðra verði aðeins notaður til uppbyggingar í þeirra þágu.

„Við munum tryggja að Framkvæmda-sjóður aldraðra verði aðeins notaður til uppbyggingar í þeirra þágu“.



Það er hneisa að ráðherrar hafi notað sjóðinn í handahófskennda styrki og gæluverkefni, þegar um 400 manns í brýnni þörf eru á biðlista eftir hjúkrunarrými og meira en 900 búa í þvingaðri samvist við ókunnuga á hjúkrunarheimilum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
Guðmundur Steingrímsson



Aðalfundur VR

verður haldinn á Nordica hótél í kvöld og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Framlag í VR varasjóð
Laga- og reglugerðabreytingar

Virðing
Réttlæti

VR

Flugfreyjum í Bandaríkjaflugi Icelandair verður fækkað í fjórar úr fimm til sex:

Flugliðar óttast aukið álag

SAMGÖNGUR Flugfélagið Icelandair hefur sótt um heimild til þess að fækka flugliðum um borð í Boeing 757-vélum félagsins í Bandaríkjaflugi. Hingað til hafa verið fimm til sex flugfreyjur og flugþjónar á vakt en eftir breytingarnar verður heimilt að fljúga með fjóra flugliða milli Bandaríkjanna og Íslands.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að breytingarnar séu gerðar í hagræðingarskyni. „Það stendur ekki til að minnka þjónustu við farþega og eins mun ekki koma til neinna uppsagna,“ segir Guðjón og bætir því við að í vor komi sextú til sjöttú nýir flugliðar til starfa hjá fé-



GUÐJÓN
ARNGRÍMSSON

laginu, sem er ívið meira en verið hefur undanfarn ár. Flugfreyjur og flugþjónar hafa áhyggjur af þessum niðurskurði. „Það segir sig sjálft að álagið mun aukast,“ segir Sigrún Jónsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands. Félagið hefur ekki gefið frá sér formlega yfirlýsingu vegna breytinganna en Sigrún segir að málið hafi mikið verið rætt enda sé álag á

flugfreyjur og flugþjóna nú þegar mikið í Bandaríkjaflugi.

„Ég hef verið að skoða mál hjá kollegum mínum í Kanada. Þar var farið fram á sambærilegar breytingar sem flugmálafyrirvöld þar í landi samþykktu ekki,“ segir Sigrún og bendir á að eftir breytingarnar verði aðeins einn öryggisvörður fyrir hver fimmtú sæti.

Heimildarveiting sem þessi þarf að fara fyrir flugöryggisstofnun Evrópu, EASA. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálafyrirvöldum Íslands hefur EASA samþykkt breytingarnar og því er ekkert því til fyrirstöðu að fækka flugliðum í Bandaríkjaflugi Icelandair. - þo

MEISTARANÁM Í STÆRÐFRÆÐI, KENNSLUFRÆÐI OG LÝÐHEILSUFRÆÐI Í HR



Meistaránámið í stærðfræði og kennslufræði er ætlað starfandi og verðandi kennurum í grunn- og framhaldsskólum. Farið er yfir helstu greinar stærðfræðinnar, og nemendur þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum. Áhersla er á verkefnavinnu, með mikilli aðstoð kennara, og einnig á þjálfun í árangursríkum kennsluháttum og jákvæðum samskiptum.

Lýðheilsunám við Háskólan í Reykjavík er heildstætt nám í lýðheilsufræðum. Lögð er áhersla á meginþætti í lýðheilsufræði og valnámskeið í samræmi við óskir nemenda. Að loknu námi á nemandinn að búa yfir færni og hafa þekkingu á helstu kenningum og aðferðum sem styðja við daglegt lýðheilsustarf, t.d. í sveitarstjórn, heilbrigðisþjónustu og skólastarfi.

Meistaránám í stærðfræði og kennslufræði (MEd)

- 2ja ára nám sem skiptist til helminga í stærðfræði og kennslufræði (eða frjálst val ef nemandi er með kennararéttindi)

Meistaránám í lýðheilsu- og kennslufræði (MEd)

- 2ja ára nám sem skiptist til helminga í lýðheilsufræði og kennslufræði

Meistaránám á lýðheilsusviði (MPH)

- 2ja ára nám í lýðheilsufræðum sem lýkur með stóru rannsóknarverkefni

**KYNNINGARFUNDIR Á NÁMINU VERÐA HALDNIR
MIÐVIKUDAGINN 28. MARS Í OFANLEITI 2, 4. HÆÐ.**

Fyrri fundurinn hefst kl. 16:15

Kynning á meistaránámi í lýðheilsufræði og kennslufræði og meistaránámi á lýðheilsusviði.

Seinni fundurinn hefst kl. 17:15

Kynning á meistaránámi í stærðfræði og kennslufræði.

Nánari upplýsingar:
Elín Þorgeirsdóttir
Kennslufræði- og lýðheilsudeild HR
Sími: 599 6330, elinth@ru.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Verið velkomin í upplýsingamiðstöðina

Verið velkomin í upplýsingamiðstöð álversins í Firði og kynnið ykkur rök fyrir stækkun álversins í Straumsvík og hvernig hún gerir gott álver ennþá betra.

Upplýsingamiðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 14:00 – 18:00 og laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00.

straumsvik.is



Í HITA LEIKSINS Starfsemi einkarekinna íþróttaveðmálafyrirtækja skal leyfð í öllum aðildarríkjum ESB.

Einokun veðmálafyrirtækja samræmist ekki ESB:

Ríkiseinokun íþróttaveðmálafyrirtækja aflétt

BRUSSEL Ríkiseinokun á íþróttaveðmálafyrirtækjum í Danmörku, Finnlandi og Ungverjalandi stríðir gegn lögum Evrópusambandsins um frjálst flæði þjónustu, samkvæmt úrskurði framkvæmdastjórnar sambandsins. Er þeim tilmælum beint til ríkjanna að þau breyti lögum sínum til samræmis við lög ESB.

Framkvæmdastjórnin hóf rannsókn í kjölfar kvartana frá fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum sem var meinað að vera með starfsemi í ríkjum þremur.

Í úrskurði sínum telur framkvæmdastjórnin ekki sýnt að einokun ríkjanna á íþróttaveðmálafyrirtækjum sé nauðsynleg eða réttlát. Ennfremur telur framkvæmdastjórnin ekki verjanlegt

ad slík fyrirtæki njóti góðs af því að teljast ekki rekin í hagnaðarskyni þar sem þau þurfi að uppfylla tekjumarkmið og markaðssetja þjónustu sína.

Evrópudómstóllinn hefur áður úrskurðað að allar takmarkanir sem ætlað er að vernda almenna hagsmuni, eins og neytendavernd, verði að vera „mótsagnalausar og markvissar.“ Aðildarríki mega ekki segja að þörf sé á að takmarka aðgang borgara að veðmálþjónustu og hvetja um leið til þátttöku í ríkisreknum happaðrættum, leikjum og veðmálum þar sem ríkið græðir.

Berist ekki viðbrögð við þessum tilmælum innan tveggja mánaða getur framkvæmdastjórnin vísað málinu til Evrópudómstólsins. - sdg

Hæstiréttur í Rússlandi:

Andstöðuflokkur lagður niður

MOSKVA, AP Hæstiréttur í Rússlandi hefur fyrirskipað að stjórnarandstöðuflokkurinn Flokkur lýðveldissinna verði lagður niður á þeim grundvelli að hann sé of smár.

Leiðtogi flokksins, Vladimir Ryzhkov, hafnar þeim rökum og segir þetta hluta af herferð stjórnvalda við að berjja niður andstöðu í



VLADIMÍR
RYZHKOV

aðdraganda þingkosninga sem fram fara í landinu í desember.

Deigi fyrr lögðu saksóknarar til að annar rússneskur stjórnarandstöðuflokkur, Þjóðarflokkur bolsévika, yrði lagður niður. Sá hefur staðið á bak við nýleg mótmæli gegn stjórnvöldum. - sdg

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

BORGIN: EDINBORG

Ein af miðstöðvum upplýsingarinnar

Edinborg sem hefur verið höfuðborg Skotlands frá 1437 er önnur stærsta borg landsins, á eftir Glasgow. Borgin, sem stendur við Forth-fjörð á austurströnd Skotlands, heitir á gelísku Dùn Èideann og íbúar hennar eru um 450 þúsund.

Edinborg er mikil skólaborg og margir námsmenn flytjast þangað til að sækja sér menntun. Í borginni er fjöldi háskóla en sá elsti, The University of Edinburgh, var stofnaður árið 1583 og er fjórði elsti háskóli í Skotlandi. Borgin sem var áður, ásamt háskólanum, ein af miðstöðvum upplýsingarinnar er nú aðsetur skoska þingsins.

Árlega heimsækja um þrettán milljónir gesta Edinborg en hún er einn eftirsóttasti áfangastaður ferðamanna í Evrópu og önnur mest heimsótt borgin á Bretlandseyjum á eftir London.



Við sérhæfum okkur í ferðum til Eistlands

Vor Páskar 2007

Miðaldaborgin frá 11. öld:
Tallinn í Eistlandi

Beint flug frá Keflavík og Akureyri

Aðeins frá 19.990 kr.
Flug frá Keflavík 17.-28. júlí með sköttum.
Síðustu sætin 31. mars - 9. apríl á 19.990 kr.

Tallinn og Pétursborg frá Akureyri
21.-30. júní. Verð 128.900 kr. með hóteli, rútu, fararstjórn, skoðunarferðum, sköttum o.fl.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

Verð miðast við gengi Evru 10. nóv. 2006

PERSÓNAN



Dauði hans orsakaði dauða milljóna

Franz Ferdinand, eða Franz Ferdinand Karl Ludwig Josef von Habsburg-Lothringen eins og hann hét fullu nafni, fæddist 18. desember 1863 í Austurríki-Ungverjalandi. Hann var sonur erkihertoga Austurríkis og sem slíkur hlaut hann strangt uppeldi þar sem áherslan var lögð á menntun, sérstaklega sögu og siðfræði.

Tólf ára gamalla varð Ferdinand einn ríkasti maður Austurríska keisaradæmisins er frændi hans, Frans V af Modena, erfði hann að öllum auðæfum sínum. Eina skilyrðið var að hann tæki sér nafnið Este, sem og hann gerði. Auðævin nýtti hann í að elta við tvö helstu áhugamál sín, veiðar og ferðalög, en talið er að hann hafi skotið meira en 5.000 dádýr um ævina.

Ferdinand varð krónprins Austurríkis árið 1889 er frændi hans og þáverandi krónprins framdi sjálfsmorð.

Árið 1895 hitti Ferdinand framtíðareiginkonu sína, Sophie Chotek. Hún var hins vegar ekki af nógu göfugum ættum til að giftast sjálfum prinsinum. Þau létu það ekki stöðva sig og hittust á laun heima hjá Ísabellu erkihertogaynju, en Chotek vann fyrir hana. Ísabella fagnaði stöðugum heimsóknum prinsins og hélt að hann væri ástfanginn af dóttur sinni. Þegar hún svo komst í úr Ferdinands, sem hann hafði gleymt á tennisvelli við heimili Ísabellu, komst hún að því að inni í því var mynd af Chotek. Hún varð æf og rak Chotek.

Skóthjúin gáfust ekki upp og komu því í gegn að þau fengju að giftast. Austurríska hirðin var þó aldrei sátt við þessa nýjustu tengdadóttur sína.

Árið 1914 var Ferdinand myrtur í heimsókn til Sarajevó. Keisaradæmið var ekki vinsælt á þessum slóðum og Ferdinand hafði þegar lífað af handsprengjuárás nokkrum klukkustundum áður en hann var myrtur. Það er kaldhæðni orlaganna að hann var að koma úr heimsókn af sjúkrahúsi, þar sem þeir sem særðust í fyrri árásinni lágu, er hann var skotinn af ungum serbneskum námsmanni.

Morðið átti stóran þátt í upptökum síðari heimsstyrjaldarinnar.

VAKNAÐU!

STYRKTARTÓNLEIKAR GEGN ÁTRÖSKUN NASA 1. APRIL

BJÖRK ★ MUGISON ★ LAY LOW
PÉTUR BEN ★ KK ★ MAGGA STÍNA
ESJA (DANÍEL ÁGÚST // KRUMMI) ★ WULFGANG

EINNI KOMA FRAM:
ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA • SIV FRIDLEIFSDÓTTIR, HEILBRIGÐISRÁÐHERRA
MATTHÍAS HALLDÓRSSON, LANDLÆKNIR • INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, SAMFYLKINGIN
KOLBRÚN HALLDÓRSÓTTIR, VINSTRI GRÆNIR • VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSÓSSON, BORGARSTJÓRI

MÍDAVERÐ 3.900 KR
TAKMARKAÐUR MÍDAFJÖLDI
MÍDASALA Á MÍDI.S, Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT

FORMA
FRÉTTABLAÐIÐ

WWW.FORMA.GO.IS

midi.is

Námsstyrkir og fyrirframgreidd námslán

UMRÆÐAN

Námslán

Gunnar bæjarstjóri Birgisson leit upp úr önnun sínum á dögnum og ritaði pistil í Fréttablaðið um tillögur okkar í Samfylkingunni um að 30% tekinn námslána verði að styrk að námi loknu. Þakka ég honum fyrir það.

Þar leggjum við einnig til að ábyrgðarmannakerfið verði afnumið, enda óréttlát krafa sem mismunar nemendum eftir efnalegum bakgrunni þeirra. Síðast en ekki síst viljum við að námslán verði greidd út fyrirfram. Það er brýn tillaga sem afléttir vaxtaokri bankanna á yfirdráttarlán á þá námsmenn sem

þurfa að fá lánin fyrirfram. Efnaminni námsmenn sem hafa ekki í sjóði bakhjarla að ganga á meðan beðið er eftir láninu. Og þeir eru margir.

Gunnar finnur tillögum Samfylkingarinnar eitt og annað til foráttu en þó aðallega það að við viljum efla félagslegt hlutverk LÍN með því að létta byrðum af námsmönnum eftir útskrift. Það vill Sjálfstæðisflokkurinn greinilega ekki og er þar nokkuð einmanna. Framsóknarflokkurinn tók undir tillögum okkar um 30 prósentin á nýafstöðnu flokksþingi sínu og bæði Vaka og Röskva, hreyfingar námsmanna í HÍ, hafa barist fyrir sambærilegum kröfum.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Undirstríkar sú góða samstaða mikilvægi tillögunnar en um leið sérstöðu Sjálfstæðisflokksins í íslenskum stjórnmálum. Alltof oft rífið í handbremsuna þegar glitir í góð mál. Þá gildir einu hvort um er að ræða ný lög um LÍN eða vökulög fyrir sjómenn. Samfylkingin hefur flutt frumvarpið um breytt lög um LÍN fjórum sinnum á Alþingi. Nú síðast lýstu þingmenn Framsóknar yfir stuðningi við málið, í heild eða hluta, í umræðum um það á þingi í febrúar. Ég efast ekki um að VG samsinnir tillögum okkar í málinu.

Ég tek undir það með Gunnari að við eignum ekki að binda styrkin við tíma námsloka. Það er auka-

atriði enda höfum við lagað tillöguna í þá veru í drögum að málaskrá okkar. Það er hinsvegar útfærsluatriði en ekki kjarni máls. Tillagan er mikilvæg breyting til að efla félagslegt jöfnunarhlutverk LÍN. Og standa vörð um það. Mér reiknast til að tillaga okkar kosti rúman milljarð þegar allt er reiknað. T.d. minna brottfall úr verklegu námi framhaldsskóla og margt fleira. Fyrir þennan milljarð sem væri fjárfest í íslenskum námsmönnum kæmu þeir fjármunir til baka beint og óbeint inn í íslenskt þjóðarþú. Það er alveg á hreinu enda fjárfestingar í menntun og bættum kjörum unga fólksins í landinu besta fjárfesting sem til er.

Að lækka skuldabyrði ungra Ís-

lendinga sem eru að ljúka námi um 1-2 milljónir af verðtryggðum lánun er mikilvægt atriði til að bæta stöðu unga fólksins og hvetja fólk til mennta. Um það þarf enginn að efast.

Það er já, Gunnar, afar góð forgangsröðun fjármuna þar sem þú virðist draga í efa að svo sé. Þá eru tillögurnar mikilvægur liður í að hvetja fólk til náms, sem er eitt mikilvægasta verkefni okkar stjórnmálamanna.

Þeir vita það kannski ekki í Sjálfstæðisflokknum en við vitum það hin. Þessvegna berjum við fyrir því að þessi góða tillaga gangi fram.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Fokið í flest skjól

Hafsteinn Sigurbjörnsson skrifar um olíumálið:

Oft hefur mér fundist undarlegar ákvarðanir sem koma frá réttarkerfinu hér á landi. Það virðist vera ótrúlegt ósamræmi í mörgum dómum og ákvörðunum réttarkerfisins, sem gengur í berhögg við heilbrigða dómgreind og siðferði. Og nú síðast fyllir ákvörðun héraðsdóms og Hæstaréttar í olíumálinu mælinn.

Til staðhæfingar fullyrðingum mínum ætla ég að segja frá atburði er gerðist fyrir röskum 50 árum. Þekktur skipstjóri á nýsköpunartogara hafði verið að veiðum á Selvogsbanka, í óhemju fiskigengd rétt við landhelgisörkin, þegar hann ákveður að ganga til hvílu, örþreyttur eftir langar stöður, og felur þá stýrimanni sínum að koma í brú og taka við stjórn skipsins við veiðarnar. Stýrimanni, sjálfsagt þreyttur eins og skipstjóri, verður það á að kasta trolli örlítið innan fiskiveiðilögsgunnar og er staðinn að ólöglegum veiðum. Á þessu svæði var eflitt að staðsetja skip nákvæmlega í myrkri og misjöfnum veðrum og ólíklegt að um ásetningarbrot hafi verið að ræða, því fiskur var bæði utan og innan landhelgislínu. Dómar í máli þessu fóru þannig: Afli og veiðarfæri voru gerð upptæk og skipstjórinn dæmdur í fésektir.

Ef við tókum hlíðstæðu á þessu og því sem ætti að gera í olíumálinu, þá yrði hún þessi: 1. Olíufélagið missir söluhagnað vöru sinnar tímabundið og hluta rekstrartækja sinna (t.d. bíla). 2. Forstjóri dæmdur í fésektir. 1. Togarinn missir afla sinn tímabundið og hluta rekstrartækja sinna (veiðarfærin). 2. Skipstjóri dæmdur í fésektir. Þetta þótti harður dómur, þar sem ólíklegt var talið að um ásetningsbrot væri að ræða, en til viðbótar skal á það bent, að skipstjóri togarans viðurkenndi ekki sekt sína, þar sem hann hafi verið sofandi í koju sinni, en ábyrgð sína sem skipstjóri viðurkenndi hann.

Forstjórar olíufélaganna viðurkenndu sekt sína, að þeir höfðu að yfirlögðu ráði framið lögbrot, en viðurkenndu ekki ábyrgð sína á þeirri gjörð til fébóta. Þessi framansögðu dæmi sýna í hnötskum að heilbrigð dómgreind, siðferði og sanngirni er hægt að eyðleggja í hártogun á lagalegum álitamálum og þvælu! Ef réttarkerfi Íslands er komið í þær ógöngur sem hér virðist vera í uppsiglingu, þá er illa komið fyrir þessari þjóð. Ef svo er komið að ábyrgð einstakra manna, er hafa völd og áhrif, bæði í pólitík og fjármálafyrirtækum er orðin að engu, þá er réttarkerfið einskisvert.

Ef svo fer, sem ég trúi ekki, að menn sem viðurkennt hafa að þeir hafi brotið landslög í hagnaðarskyni fái ekki dóm, þá er fokið í flest skjól hins almenna borgara þessa lands.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



Ferming 2007

Frábær heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi af ýmsum stærðum.

Verð frá kr. 48.535 (120x200 cm.)



I-Chair

grjónastóll með hátölurum sem tengja má við leikjatölvuna, iPod-inn eða hljómtækni

Tilboðsverð kr. 24.900



30% afsláttur af fylgihlutum með rúmi, t.d. sængum, koddum, lökum, dýnuhlífum og rúmteppum.

Grjónastólar og púðar frá **SIT&JOY** á tilboðsverði.

LYSTADÚN
Marco

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON, KK, ER 51 ÁRS Í DAG

„Besti vinur minn er konan mín. Hún er trúnaðarvinur minn og við höfum gengið langan veg saman. Oft vitum við þarfir hvors annars án þess að þurfi að minnast á það og það er ljúft að uppfylla þær.“

Tónlistarmaðurinn snjallí KK fæddist þennan dag árið 1956.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



PETTA GERÐIST: 26. MARS 1973

Konur til starfa á hlutabréfamarkaði

Á þessum degi árið 1973, eða fyrir þrjátíu og fjórum árum, var konum í fyrsta skipti leyft að starfa í höfuðstöðvum hlutabréfamarkaðarins í London. Markaði þessi atburður mikil tímamót í tvö hundruð ára sögu hlutabréfamarkaðarins.

Alls voru tíu konur ráðnar. Var þarna stigið

stórt skref í kvenréttindabaráttu Bretlands, sérstaklega í fjármála-geiranum. Þrátt fyrir það máttu konur ekki starfa á gólfinu við að selja hlutabréf heldur voru þær ráðnar til annarra starfa.

„Það er mikil hreyfing hérna og læti en þetta virðist ganga ágætlega,“ sagði Mur-

iel Wood, ein af konunum sem voru ráðnar.

Hafði eiginmaður hennar, Walton Wood, barist lengi fyrir því að konur fengu aðgang að höfuðstöðvunum. Önnur kona, Susan Shaw, sagði þessi tíðindi mikilvæg fyrir konur og nú gætu þær komið sér upp góðum samböndum í fjár-

málabransanum.

Þrátt fyrir þennan merka áfanga í kvenréttindabaráttunni í Bretlandi liðu 28 ár í viðbót þangað til kona var ráðin í eina viðamestu stöðuna á hlutabréfamarkaðnum. Árið 2001 var Clara Furse ráðin framkvæmdastjóri, en sú staða hafði þá verið við lýði í 27 ár.



MERKISATBURÐIR

- 1913 Yfir 14 hundruð láta lífið í flóðum í Ohio, Indiana og Texas í Bandaríkjunum.
- 1938 Bændur nær 160 jarða í Árnessýslu stofna fiski-ræktar- og veiðifélög fyrir Ölfusá og Hvítá og ár sem í þær falla.
- 1947 Knattspyrnusamband Íslands stofnað.
- 1953 Dr. Jonas E. Salk kynnir nýtt bóluefni gegn taugaveiki.
- 1971 Austur-Pakistan lýsir yfir sjálfstæði og tekur upp nafnið Banglades.
- 1973 Flugvélin Vor ferst í Búrfjöllum í námunda við Hundavötn norður af Langjökli og með henni fimm menn.
- 1977 Hús á Bernhöftstorfu í Reykjavík stórskemmast í eldi.



ROSENBERG Stuart Rosenberg ásamt leikkonunni Faye Dunaway.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rosenberg látinn

Stuart Rosenberg, sem leikstýrði meðal annars kvikmyndunum Cool Hand Luke og The Amityville Horror, er látinn, 79 ára gamall. Cool Hand Luke, sem kom út árið 1967, skartaði Paul Newman í aðalhlutverki og var fyrsta mynd Rosenbergs. „Það var ekki hægt að vinna með betri manni,“ sagði Newman í yfirlýsingu sinni. Var myndin tilnefnd til fernna Óskars-

verðlauna. The Amityville Horror kom út árið 1979 og sló rækilega í gegn. Var hún endurgerð fyrir tveimur árum við tölurverðar vinsældir.

Rosenberg hóf feril sinn á því að leikstýra sjónvarpsþáttum á sjötta áratugnum. Leikstýrði hann yfir 300 þáttum, þar á meðal The Untouchables, Alfred Hitchcock Presents og The Twilight Zone.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Fagnar um þessar mundir tuttugu ára afmæli en starfsemi skólans hefur aukist með ári hverju.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGIR PÓR

MÁLÞING: HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 20 ÁRA

Framtíð skólans rædd á málþingi

Háskólinn á Akureyri fagnar tuttugu ára afmæli sínu á þessu ári. Á fyrsta starfsári skólans stunduðu fimmtíu nemendur nám við heilbrigðisdeild og rekstrardeild skólans en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Háskólinn hefur stækkað hratt á liðnum árum og í dag eru nemendur um hálf túsund þúsund og námsúrvalið afar fjölbreytt – fyrir helgi bættist til að mynda við ný námsbraut við skólann en þar verður í framtíðinni hægt að stunda masters-nám í heimskautarétti innan lögfræðisnáms skólans.

Afmælisins verður minnst með margvíslegum hætti en dagskrá sú hefst í dag með málþingi um framtíðarsýn skólans. Þorsteinn Gunnarsson rektor útskýrir að nýlega hafi stefna skólans til næstu fimm ára verið kynnt en einn þátturinn í henni sé virk tengsl við samfélagið og skólabæinn Akureyri. „Sá áhugi spratt upp hjá velunnurum skólans að halda málþing þar sem samstarfsaðilar hans veltu vöngum um framtíðina og samfélagið hér á Akureyri. Þarna verða góðir fyrirlesarar, til dæmis Jón Már Héðins-son, skólameistari Menntaskólans á

Akureyri, og Páll Skúlason, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, sem er reyndar borinn og barnfæddur Akureyringur.“

Þorsteinn er annar rektora skólans en hann tók við starfinu af Haraldi Bessasyni árið 1994. Hann leggur áherslu á að nemendur háskólans séu ávallt hafðir í öndvegi og framtíðarsýn hans er björt. „Við erum hér til að þjóna nemendum okkar og ungu kynslóðinni. Í framtíðinni viljum við leggja áherslu á uppbyggingu rannsóknartengds framhaldsnáms og virk tengsl við samfélagið, til dæmis með uppbyggingu vísindagarða. Einnig viljum við auka alþjóðastarf skólans og samstarf við erlenda háskóla um námsframboð við Háskólann á Akureyri.“

Málþingið fer fram í stofu 201 á Sölborg við Norðurlóð og hefst kl. 14.30.

- khh



ÞORSTEINN GUNNARSSON, REKTOR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI Afmælisins verður minnst með margvíslegum hætti á næstu mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



Móðir og stjúpmodir okkar,
Ragnheiður Árnadóttir
frá Blönduósi,

andaðist á Sólvangi í Hafnarfirði miðvikudaginn 21. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá kapellunni í Fossvogskirkjugarði miðvikudaginn 25. mars og hefst klukkan 15.00.

Fyrir hönd vandamanna,
Birna Óskarsdóttir Hörður Zóphaniasson



Elskuleg frænka okkar,
Sigríður Daniélsdóttir
áður Norðurgötu 31 Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, aðfaranótt miðvikudagsins 21. mars. Innilegar þakkir til starfsfólks Lerkihlíðar fyrir frábæra umönnun. Útförin fer fram frá Höfðakapelli fimmtudaginn 29. mars kl. 13.30.

Bræðrabörn og fjölskyldur þeirra.

AFMÆLI




Baldur Hrafnkell Jónsson kvikmyndagerðarmaður er 62 ára.



Hafliði Arngrímsson dramaturg er 56 ára.



Jónína Benediktsdóttir athafnakona er 50 ára.



Haukur Holm fréttamaður er 51 árs.



Víkingur Kristjánsson leikari er 34 ára.

Annað sæti í One World

Ragnar Ómarsson lenti á dögnum í öðru sæti í matreiðslukeppninni One World Culinary Competition í Jóhannesborg í Suður-Afríku. Stjórnir Klúbbs matreiðslumanna á Íslandi og í Suður-Afríku settu verkefnið á laggirnir í fyrra hér á landi. Sjö keppendur etja kappi í One World, einn frá hverju svæði sem Alheimssamtök matreiðslumanna skipta heiminum í.

Gestgjafabjóðin velur hræfni fyrir keppendur, en það var heldur óvenjulegt að sögn Ragnars. „Í forrætt var chillípipar sem heitir Pepper dew. Hann átti að vera fjörutíu prósent af réttinum, svo það var ekkert grín að finna eitthvað á móti þessu,“ sagði Ragnar léttur í lund. Í aðalrætt var strútur, en kökukrem



RAGNAR ÓMARSSON Lenti í öðru sæti í One World matreiðslukeppninni í Suður-Afríku á dögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í eftirrætt. Matreiðslumaður frá Fíjívörðum bar sigur úr bitum í þetta skiptið, en keppnin fer næst fram í Rússlandi. „Þá verður sennilega eitthvað hræfni

sem fæst í öllum löndum,“ sagði Ragnar sposkur. „En þetta var mjög skemmtilegt reynsla, og vel gert við okkur úti.“

- sun

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Byssudagar

Veiðihornið og Sportbúðin



Henry 22lr. riffill. 15 skota með pumpulás ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 39.900 stgr.**



Norinco 22lr. riffill. Boltalás, 5 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 26.900 stgr.**



TOZ 78-01 22lr. riffill. Boltalás. 2x5 og 2x10 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 29.900 stgr.**



TOZ 78-05 22lr. riffill. Boltalás. 2x5 og 2x10 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 33.900 stgr.**



TOZ 122 308 WIN riffill. Boltalás. 6 skota magasín ásamt Norconia 8x56 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 57.900 stgr.**



Savage Mark II FSS 22lr. riffill. Boltalás. 10 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 39.900 stgr.**



Savage 93BTVS 17 HMR riffill. Boltalás. 5 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. **Verð aðeins 54.900 stgr.**



Stoeger P350 Synthetic pumpa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. **Verð aðeins 35.900 stgr.**



Stoeger P350 Camo pumpa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. **Verð aðeins 39.900 stgr.**



Stoeger 2000 Synthetic. Hálfjálfvirk haglabysa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. **Verð aðeins 51.900 stgr.**



Stoeger 2000 Standard. Hálfjálfvirk haglabysa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. **Verð aðeins 52.900 stgr.**



Stoeger 2000 Camo. Hálfjálfvirk haglabysa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. **Verð aðeins 56.900 stgr.**



Og rúsínan í pylsuendanum – Allir sem festa kaup á skotvopni í Veiðihorninu eða Sportbúðinni á byssudögum býðst vandaður byssuskápur frá Buffalo River fyrir 7 byssur á aðeins 14.995 krónur. Tilboð gildir til 1. apríl eða á meðan birgðir endast. Allir tilboðspakkarnir í auglýsingunni eru einnig fáanlegir á veidihornid.is



Síðumúla 8
108 Reykjavík - Sími 568 8410



Krókhálsi 5g
110 Reykjavík - Sími 517 8050

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport
29. mars - uppselt
30. mars - uppselt
31. mars - uppselt
1. apríl - uppselt
14. apríl - uppselt
15. apríl - örfá sæti laus

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ABBA BABB!
eftir Dr. Gunna

FRABÆR
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Sun 1. apríl kl. 14.00 Sun 15. apríl kl. 17.00
Sun 1. apríl kl. 17.00 Sun 22. apríl kl. 14.00
Sun 15. apríl kl. 14.00 Sun 22. apríl kl. 17.00

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

Leikhúpurinn
Á senunni & HAFNARFJALLAR
LEIKHÚSIÐ

GIANNI SCHICCHI Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA

ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
SÍÐUSTU SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - LOKASÝNING
Þáttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik

CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - FRUMSÝNING - UPPSELT
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA
Í 25 ÁR

LEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrínu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00. **Sýningum lýkur í apríl!**

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Mið. 28/3 örfá sæti laus, fim. 29/3 uppselt. fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fim. 12/4, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumssýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4.

Kúlan

MJALLHVÍT - Brúðsýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.
Leikhúskjallarin er opin fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL	DAGUR VONAR
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900	Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20 Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20 Fös 4/5 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20	Mið 28/3 kl. 20 FÖRSÝNING MIÐAVERÐ 1.500 Fim 29/3 kl. 20 FÖRSÝNING UPPSELT Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Sun 1/4 kl. 20 2. sýning Gul kort Lau 14/4 kl. 20 3. sýning Rauð kort Lau 21/4 kl. 20 4. sýning Græn kort Sun 22/4 kl. 20 5. sýning Blá kort Lau 28/4 kl. 20 Sun 29/4 kl. 20
HÖRDUR TORFA	KILLER JOE
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100	Í samstarfi við leikhúsið Skámána Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20 Fim 5/4 kl. 20 Lau 14/4 kl. 20
EILÍF HAMINGJA	KARÍUS OG BAKTUS
Í samstarfi við Hið lífandi leikhús Mið 4/4 kl. 20 AUKAS. Sun 15/4 kl. 20 Þri 17/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20	Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 15/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
LADDI 6-TUGUR	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Pri 3/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS. Fim 5/4 kl. 17 Fim 5/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl. 2 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20 Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.	Mið 28/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning
SÖNGLEIKURINN ÁST	MEZZOFORTE
Í samstarfi við Vesturport Fim 29/3 kl. 20 UPPS. Fös 30/3 kl. 20 UPPS. Lau 31/3 kl. 20 UPPS. Sun 1/4 kl. 20 UPPS. Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20 Sun 29/4 kl. 20	Pri 27/3 kl. 18 Pri 27/3 kl. 21 UPPS. Miðaverð 2.500

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA Allir eru að selja sig

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR VELITUR FYRIR SÉR NÝJUM STARFS„FRAMA“



Jæja, þá er orðið leyfilegt að selja blíðu sína hér á Íslandi. Þetta var afgreitt á síðustu metrum þingsins og af hverjum ástæðum hefur furðu lítið verið rætt um málið. Jafnvel þeir sem hafa til þessa barist fyrir því að kaup á vændi verði gerð refsiverð hafa lítið tjáð sig opinberlega.

Kannski finnst öllum þetta sjálf-sagt. Kannski finnst þingmönnum jafn eðlilegt að kaupa kynlíf eins og að kaupa í matinn eða borga fyrir tölvuviðgerðarþjónustu. Kannski finnst öllum líka ósköp eðlilegt að sömu menn og voru að velta því fyrir sér um daginn hvort ekki ætti að fylgjast með því að þingmenn

og aðrir erindrekar eyddu peningum sínum ekki í vændi eða klám erlendis samþykki kaup á vændi hér heima.

Kannski er þetta þáttur í „veljum íslenskt“ herferðinni.

Sjálft sé ég þarna möguleika á að drýgja tekjurnar og í rauninni kemur þetta á besta tíma fyrir unga fólk í landinu. Húsnæðisverð hefur aldrei verið hærra. Það er hreinlega ógerlegt að safna sér fyrir útborgun á venjulegum launum og verðið virðist aldrei ætla að lækka.

Ég hef sett saman einfalt reikningsdæmi og sýnist að ég og betri helmingurinn þurfum ekki að selja okkur nema svona tvisvar sinnum í viku hvort, í tólf ár samfleytt, til

þess að geta keypt okkur þak yfir höfuðið skuldlaust miðað við núverandi fasteignaverð. Gott ef það verða ekki nokkrar krónur eftir sem leggja má inn á námslánin.

Líklega er best að drífa sig í Byko og kaupa eins og eina rauða jólaseríu áður en þær seljast upp. Svo þarf bara að velja heppilegt götuhorn, á áberandi stað þar sem trafíkin er mikil. Ég er að hugsa um að merkja mér svæði á horni Bankastrætis og Lækjargötu. Þið vitið - þarna fyrir framan Stjórnarráðið.

Og til að fyrirbyggja allan miskilning er vissara að benda á að þetta er ekki auglýsing. Það er víst bannað að auglýsa vændi opinberlega á Íslandi - að minnsta kosti ennþá.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vorboðar ljúfir

Það vorar snemma hjá Fóstbræðrum. Vortónleikar kórsins verða fjórir í þessari viku: í Langholtskirkju annað kvöld, Víðistaðakirkju á fimmtudag og aftur í Langholtskirkju á föstudag. Hefjast þessir kvöldtónleikar kl. 20 en lokahnykkurinn verður á laugardagseftirmiðdag kl. 15 í Langholtskirkju.

Á dagskránni kennir margra grasa að vanda en sterk tengsl við fortíðina má greina: að á þessum tónleikum vilja Fóstbræður heiðra sérstaklega aldinn leiðtoga sinn, Jón Þórarinnsson, tónskáld og fyrrverandi stjórnanda kórsins. Jón mun að líkum fagna nírræðisafmæli sínu á haustdögum en hann hefur markað djúp spor í íslenska tónlistarsögu á löngum ferli sínum.

Jón Þórarinnsson stjórnaði Fóstbræðrum í fyrsta sinn opinberlega 15. október 1950 en hann tók við tónsprotanum af Jóni Halldórssyni, fyrsta stjórnanda kórsins í upphafi þess árs. Jón var þá 33 ára gamall og nýkominn frá námi við Yale og Julliard tónlistarháskólana í Bandaríkjunum. Þótt Jón stjórnaði kórnum aðeins í tæplega fimm ár hafa leiðir hans og Fóstbræðra ekki skilið til þessa dags því nán vinátta og samstarf hefur verið með honum og Fóstbræðrum allar götur síðan.

Jón Þórarinnsson hefur samið fjölmörg lög sem þjóðin kann og elskar en ekki síður hefur hann alltaf þótt afar snjall við útsetningar og raddsetningar og Fóstbræður nutu ríkulega kunnáttu hans á



JÓN ÁSGEIRSSON

því sviði fyrr og síðar. Á tónleikum unum verða fluttar nokkrar þekktustu útsetningar Jóns á vinsælum kórlögum, s.s. lagasyrpa eftir Árna Thorsteinsson, nokkrir stúdentasöngvar og enn fremur útsetningar Jóns á lögum Gylfa Þ. Gíslasonar. Einnig verða flutt lög fyrir karlakór eftir Jón Þórarinnsson sem hann samdi sérstaklega fyrir Fóstbræður og hafa sjaldnar heyrst en önnur verk Jóns.

Tónleikunum lýkur á frumflutningi Fóstbræðra á líttilli óperu eftir Jón Ásgeirsson. Þetta er Eilífur og Úlfhildur, gamanópera fyrir tvo sóprana, tenór og karlakór með píanóundirleik. Verkið er samið við gamankvæði frá 18. öld sem segir frá ótrúri eiginkonu og heldur hraklegum samskiptum hennar við eiginmann sinn og sóknarprestinn. Það er Sigrún Hjálmtýsdóttir sem syngur hlutverk eiginkonunnar en Þorsteinn Guðnason kórfelegi syngur tenórhlutverkið. Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur með á píanó í þessu verki og öðrum á efnisskránni ásamt Valgerði Andrésdóttur, sem kemur til leiks í fjórhentum undirleik fyrr á dagskránni.

Jón Ásgeirsson tónskáld stjórnandi Fóstbræðrum í rúm ár snemma á áttunda áratugnum en sennilega á hann stærstan hlut íslenskra tónskálda í efnisskrá kórsins síðustu áratugi með ríkulegu framlagi sínu til íslenskrar tónlistar.

Því eru Fóstbræður stoltir að frumflytja þetta verk sem tónskáldið lauk við að semja árið 1999 en Jón á líka stórafmæli í haust eins og nafni hans Þórarinnsson: verður áttæður. -pbb



JÓN ÞÓRARINSSON

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Draumalandið

efir Andra Sne Magnason

- 22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00
- 23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00
- 24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00
- 29. mars fimmtud. 5. sýn kl. 20:00
- 30. mars föstud. 6. sýn kl. 20:00
- 31. mars laugard. 7. sýn kl. 20:00

HAFNARFJARDARLEIKHÚSÍÐ

Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

120 ISSAG 2006

Sparaðu með kortinu

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Sparaðu annaðhvort með debet- eða kreditkort
- Hækkaðu hverja færslu upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. eða um ákveðna upphæð
- Veldu sparnaðarreikning

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki biða lengur.

Landsbankinn



Úrval skrifstofuhúsgagna



Skrifborð

Við bjóðum vönduð og slitsterk skrifborð í miklu úrvali hvort sem um er að ræða stillanlega borðfætur eða rafmagnsstillanleg skrifborð.

- Bjóðum margar stærðir og viðartegundir.
- Hjólát rafdrifin hæðarstilling.
- Sérstaklega slitsterkar borðplötur.



Fundarhúsgögn

Bjóðum úrval af fundarstólum og fundarborðum í mörgum stærðum og gerðum. Vanir sölumenn með áralanga reynslu og þekkingu finna réttu samsetninguna. Einnig látum við sérsníða húsgögn fyrir allar stærðir fundarherbergja.



Skilrúm

Hjá okkur fást þrjár grunngerðir skilrúma sem hver um sig hefur mikinn sveigjaleika í stærðum og gerðum, hvort sem um er að ræða áklæði, járn, gler eða viðartegund. Erum einnig með gott úrval af leiðslustokkum.



Borð í móttöku

Það er nauðsynlegt að vanda valið í móttökunni sem er yfirleitt fyrsti viðkomustaður viðskiptavina. Við bjóðum vönduð og falleg afgreiðsluborð og sérsníðum fyrir þá sem þurfa sérstakar lausnir.



Skermar á borð

Skermar á milli borða þurfa ekki endilega að ná niður í gólf. Hægt er að fá skilrúm á stök borð eða á milli samliggjandi borða úr áli, gleri eða klætt með áklæði.

Byggjum á áratuga reynslu
Persónuleg og fagleg þjónusta

EG SKRIFSTOFU
HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

Karmatískar Eurovison-krytur

Enn er Skerjafjarðarskáldið góða komið í skærur vegna Eurovison-söngvakeppninnar. Fréttablaðið birtir hér enska textann þann sem Kristján Hreinsson hafði tekið saman ef svo færi að „Ég les í lofa þínum“ sigræði í keppninni hér heima og færi til Finnlands. Og til samanburðar þann sem Peter Fenner orti fyrir Svein Rúnar Sigurðsson.

„Þetta er karma. Lögmál,“ segir Kristján Hreinsson Skerjafjarðarskáld sem enn er lentur upp á kant við Eurovison-keppnina íslensku. Í fyrra varð frægt þegar hann fór fyrir keppendum sem vildu fá Silvíu Nótt vísað úr keppni vegna þess að myndband við sigurlag hennar hafði farið á netið fyrir keppni, sem brýtur í bága við reglur. Krytur Kristjáns eru annars eðlis nú.

Allt lítur allt út fyrir að lagahöfundurinn Sveinn Rúnar Sigurðsson, sem samdi sigurlagið í keppninni hér heima, hafi sviðið Kristján í tryggðum. Kristján samdi íslenskan texta við sigurlagið, „Ég les í lofa þínum“, sem þungarokkströllið Eiríkur Hauksson flutti af miklum tilfinningahita. Fastmælum hafði verið bundist millum þeirra samhöfunda að fara saman alla leið út til Finnlands ef lagið sigraði. En þegar til kastanna kom fékk Sveinn Rúnar Englendinginn Peter Fenner til að gera texta við lagið sem fer út sem framlag Íslands. Fenner hefur áður sett saman texta við framlag Íslands til Eurovison eða fyrir Selmu, Birgittu Haukdal og Two Tricky.

„Þessi Sveinn Rúnar Sigurðsson gerði lagið og ég íslenskan texta. Svo allt í einu ... vil ég ekki láta neitt eftir mér hafa,“ segir Kristján.

Fréttablaðið hefur hins vegar heimildir fyrir því að Kristján

SVEINN RÚNAR Leist betur á að fá annan texta við sigurlagið en þann sem Skerjafjarðarskáldið hafði til reiðu.



PETER FENNER Sveinn Rúnar veðjar á hinn enska Fenner sem er verseraður Eurovison-bolti.

muni ekki una þessu og leita réttar síns. En þetta vill Kristján ekki staðfesta, né neita, ef því er að skipta. Ekki náðist í Svein Rúnar í gær til að heyra það hvernig þetta mál horfir við honum. En þar til frekari tíðindi berast gefst lesendum Fréttablaðsins þess kostur að bera saman textana við lagið, þann sem fer og þann sem heima situr. Og kaldhæðnislegt má heita að texti Kristjáns hefst á orðunum „You'll get my honesty“ eða „heiðarleika minn færðu“. Texti Kristjáns er hefðbundinn popptexti en hins vegar er texti Fenners í ætt við bárujárnsrokk. Og sé vitnað til orða Magnúsar Kjartanssonar, sem sagði í samtali við Fréttablaðið að framlag Íslands væri ævinnlega bergmál af sigurlögum síðustu tveggja ára, þá sver hann sig í þá ætt. En lesenda er að meta hvor er vænlegri til árangurs.

jakob@frettabladid.is

TO BE OR NOTTO BE Eftir Kristján Hreinsson

You'll get my honesty
And love from the beginning.
I'll do my best and I won't lose.
I think that we can try
To learn the ways of winning.
It all depends on what we choose.

Simple words can mean so much
I want to feel, I want to touch.
I think of you
Every night and every day
Yeah, this is what I want to do.

I stand in front of you
And I will take my chances.
My simple words may seem so cruel.
Just listen carefully
Then you will understand me.
I'm living by a golden rule:

Simple words can mean so much
I want to feel, I want to touch.
I think of you
Every day and every night
And this is what I want to do.

It's to be or not to be,
It's me for you and you for me.
I want to know
Are you asking me to stay?
Or are you asking me to go?

Simple words can mean so much
I want to feel, I want to touch.
I think of you
Every day and every night
And this is what I want to do...

KRISTJÁN
SKERJAFJARÐARSKÁLD

VALENTINE LOST Eftir Peter Fenner

I'll let the music play while
love lies softly bleeding
in heavy hands
on shadow lands
As thunder clouds roll the sunset is
receding
no summer wine
no Valentine

A tiger trapped inside a cage
an actor on an empty stage
Come see the show
Rock and roll can heal your soul
when broken hearts lose all control
Some rivers still run dry and jungles
burn to embers
gold autumn days - must fade to
gray

There is a reason why a haunted
man remembers
one frozen night his darkest day
A tiger trapped inside a cage
an actor on an empty stage
Come see the show
Rock and roll will heal your soul
when broken hearts lose all control
A passion killed by acid rain
a rollercoaster in my brain
But how would you know
In your satin silk and lace
another time another place
A tiger trapped inside a cage
an actor on an empty stage
Come see the show

Rock and roll will heal your soul
when broken hearts lose all control
A love that loose and painted
black
a train stuck on a broken track
I'll let it go
Rock and roll has healed my
soul
the stage is set on with the
show



Óttast um líf Lohan

Móðir Lindsay Lohan, Dina, óttast að ungstirnið dóttir hennar muni hljóta sömu örlög og Dina prinsessa. Hún hefur áhyggjur af því að dóttir hennar láti lífið á flotta undan ljósmyndurum, eins og allir muna að henti Diónu prinsessu í París 1997. „Hún er í því líkum um hvirfilbyl, hún er í skýstrók,“ sagði Dina í viðtali við tímaritið Harper's Bazaar, og átti þar væntanlega við ásókn ljósmyndaranna.

Í sama viðtali sagðist Dina ekki hafa neytt dóttur sína í meðferð, því hún hefði vilja láta Lindsay taka ákvörðunina upp á eigin spýtur. „Lindsay þurfti að detta og standa upp,“ sagði Dina.



LINDSAY LOHAN

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

120. ÚSSG 2006

LANDSBANKINN SIMI 410 4000 EYDDU Í SPARNAÐ

Sparaðu með kortinu

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Sparaðu annaðhvort með debet- eða kreditkortu
- Hækkaðu hverja færslu upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. eða um ákveðna upphæð
- Veldu sparnaðarreikning

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.

Landsbankinn

Dökk fortíð móður Pax

Breska sunnudagsblaðið News of the World greinir frá dökkri fortíð móður Pax Thien sem Angelina Jolie og Brad Pitt ættleiddu nýverið frá Víetnam. Heldur blaðið því fram að hin 29 ára gamla Pham Thu Dung sé forfallinn heróínfíkill og muni jafnvel krefjast þess að fá Pax aftur til sín. Sagt er að Pham Thu Dung hafi skilið son sinn eftir á sjúkrahúsi þegar hann var aðeins eins mánaðar gamall en Thu Dung varð ólétt eftir ástarævintýri með giftum manni. Pax var langt undir kjörþyngd þegar hann fæddist og óttuðust lækna jafnvel að hann gæti verið háður heróíni.

Samkvæmt News of the World voru það foreldrar Thu Dung sem skrifuðu undir ættleiðingarpappírana og því gætu verið að þeir yrðu úrskurðaðir ólöglegir. „Dóttir okkar er fíkill og hefur alltaf verið til vandræða. Lífi hennar

hefur verið stjórnað af eiturfylfjum síðan hún var sextán ára,“ hefur blaðið eftir Chien, afa Pax og föður Pham Thu Dung, „og þegar hún uppgötvar að fræg kvikmyndastjarna hefur ættleitt son hennar mun dóttir okkar ráðast á hana og reyna að kúga út úr henni eins mikla peninga og hún getur,“ bætti Chien við. „Jafnvel gæti hún reynt að fá son sinn aftur.“

Nhan, amma Pax, sagði í samtali við blaðið að hún væri ánægð fyrir hönd Pax að vera kominn í svona góðar hendur. „En dóttir mín er mjög klár, þrjósk og erfið,“ bætti amman við.

PAX OG JOLIE
Móðir drengsins er sögð vera fégráðugur heróínfíkill sem jafnvel muni krefjast þess að hún fái son sinn aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Greiddu niður óhagstæðar skuldir

Óvenju hagstætt lán!

- Lægri greiðslubyrð
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán

TILBOÐS
VEXTIR!

16,55%


Tilboðslánið hentar vel til að greiða niður óhagstæðar skuldir, eða að láta draumana rætast, hvort sem það er eldhúsinnrétting, uppvottavél, framkvæmdir heima fyrir eða eitthvað annað...
...þitt er valið!

Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði

Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.536	38.162	56.788	75.415	94.041
2	10.764	20.785	30.805	40.825	50.846
3	7.840	14.992	22.144	29.295	36.447
4	6.378	12.096	17.813	23.531	29.248
5	5.501	10.358	15.215	20.072	24.929
6	4.916	9.199	13.482	17.766	22.049
7	4.498	8.372	12.245	16.119	19.992
8	4.185	7.751	11.317	14.883	18.449

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,55% vextir - Kostnaður lánaður

Pú getur sparað 382.100 kr. með því að taka tilboðslán S24:



M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 16,55% vexti hjá S24 og 21,15% vexti hjá ónefndum fjármálafrirtækjum (sem er 4,6% munur) þá borgarðu 3.980 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, **pú sparar 47.763 kr. á ári og 382.100 kr. í heildina.**



Sæktu um lán...

www.s24.is



533 2424 - Sætún 1

*Míðað við vaxtatöflu S24 21.01.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.03.2007.

Nýtt í bíó

UPPLIFDU MYNDINA SEM FÉKK ENGIN ÓSKARSVERÐLAUN!
PESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!
EPIC MOVIE
 FRÁ ÆR GAMANMYND PAR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMÝNDUM SÍÐASTA ÁRS.

FRÁ FRAMLEIÐENDUM TEXAS CHAINSAW MASSACRE OG THE AMITYVILLE HORROR
THE HITCHER
 MEÐ SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL OG SEAN BEAN (NATIONAL TREASURE & LORD OF THE RINGS).
 MAGNADUR SPENNUTRYLLIR UM FERDALAG TVEGGJA HÁSKÓLANEMA Á ÖNEFNDUM ÞJÓÐVEGI Í USA OG HREMMINGUM PEIRRA!

STRÁNGLEGA BÖNNUB INNAN 16 ÁRA

LÚXUS

ATH: SKRIFTIHLÉ OG HVAÐSÚLVIÐUR HIGAR SPYNG MYNDAR HEST

BLEKKINGAMEISTARINN
 EDWARD NORTON
 PAUL GIAMATTE JESSICA BIEL
THE ILLUSIONIST
 ERÞIR ALLE SEM STRYF

VENUS
 FRÁ ÆR LEIKUR OG FETRINNILEG MYNDI FRETABLAÐI
 FRÉTTABLAÐI

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

THE HITCHER	kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
THE HITCHER SÝND Í LÚXUS	kl. 4, 6, 8 og 10
EPIC MOVIE	kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
THE NUMBER 23	kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL	kl. 4 og 4.45 STUTTMYND
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5.40

THE ILLUSIONIST	kl. 5.45, 8 og 10.15
THE HITCHER	kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
VENUS	kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
THE LAST KING OF SCOTLAND	kl. 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA
NOTES ON A SCANDAL**	kl. 6 B.I. 14 ÁRA

THE HITCHER	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
EPIC MOVIE	kl. 6 og 10 B.I. 7 ÁRA
NORBIT	kl. 6 og 8

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBÖGANN Á midi.is

450 kr. í bíó!

www.laugarasbio.is

Sími 553 2075 LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

MÖGNUB SPENNUMYND
CHAOS
 JASON STATHAM
 WESLEY SNIPES
 RYAN PHILLIPPE
 FRÁ ÆR GAMANMYND PAR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMÝNDUM
 PESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!

PEGAR KERFIÐ BREGST...
 HÉÐ ER HVERNUR DEYJA

Sýnd kl. 6, 8 og 10.15 B.I. 16

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 7

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
NORBIT
 Sýnd kl. 6, 8 og 10

www.laugarasbio.is

Er þetta Air?

Hún er dóttir Serge Gainsbourg og Jane Birkin, sem gerir hana nánast konungborna í Frakklandi. Hún er bæði jafn falleg og móðirin og jafn ljót og faðirinn. Hún leikur á móti Gael Garcia Bernal í nýjustu mynd Eternal Sunshine-leikstjórans Michel Gondry og gerði þessa plötu sem hér er til umfjöllunar með hljómsveitinni Air, Jarvis Cocker og Neil Hannon úr The Divine Comedy. Ég get ekki ímyndað mér að stúlka verði mikið forvitnilegri en þetta?

Strax við fyrstu hlustun fær maður þægilega tilfinningu að hafa heyrt þetta áður. Ég vissi ekki þá hverjir hefðu haldið á höndina á henni við gerð plötunnar, en um leið og það er ljóst er engin leið að sniðganga það.

Þessi plata hljómar eins og Air-plata, frá upphafi til enda. Þetta er nákvæmlega sami hljóðheimur, bara með sömu söngkonunni í gegn. Kennileiti Jarvis Cocker, sem semur texta flestra laganna, er svo

mjög sterkt þegar hann spreytir sig á lagasmíðum. Lagið The Songs That We Sing ber öll hans einkenni þegar kemur að því hvernig innihaldsríkar setningarnar eru lagðar ofan á söngmelódíuna.

Besta lag plötunnar er að mínu mati AF607105, sem fjallar um flugslys á óvenju mjúkan og sætan hátt. Hefði ekkert á móti því að hafa fengið að sitja í þeirri dæmdu flugvél, með undirleik Air og snjallan texta Cocker. Charlotte syngur á mjög afslappan og seiðandi hátt. Hún hefur ekki mikla rödd og kys þess vegna að vera það nálægt hljóðnemanum að við hlustandinn fær það á tilfinninguna að hún sé að hvísla í eyrað á honum. Það smeltpassar við þessa tónlist og gerir það að verkum að Charlotte kemst afskaplega vel frá þessari plötu, þó svo að ég geti vel ímyndað mér að hún eigi töluvert erfðara með að syngja sannfærandi á tónleikum.

Birgir Örn Steinarsson



TÓNLIST

5:55

Charlotte Gainsbourg

★★★★

Önnur breiðskífa Charlotte Gainsbourg er í raun stórfín plata með frönsku sveitinni Air í dulbúningi.

Sú fyrsta í áratug

Fyrsta kvikmynd leikstjórans Francis Ford Coppola í áratug, Youth Without Youth, er væntanleg í bíó í haust. Síðasta mynd Coppola, The Rainmaker, kom út árið 1997 og fékk sæmilegar viðtökur.

Coppola skrifaði handritið, leikstýrði og framleiddi nýju myndina. Var hún tekin upp á átján mánuðum í Rúmeníu og gerist í síðari heimsstyrjöldinni. Með aðalhlutverkið fer Tim Roth. Leikur hann prófessor sem er hundeltur af nasistum eftir að í ljós kemur að hann virðist vera ódauðlegur.

„Þetta er dularfull ástarsaga,“ sagði Coppola. „Sagan fjallar um lykilatriði sem mig langar að skilja betur: tíma, meðvitund og draumkenndan raunveruleika.“

Coppola er frægastur fyrir



MEÐ DÓTTUR SINNI Francis Ford Coppola ásamt dóttur sinni Sofia Coppola.

Godfather-myndirnar þrjár, auk þess sem hann hefur m.a. leikstýrt Apocalypse Now og The Cotton Club.

KVIKMYNDARKLÚBBURINN
FJALA
 KÖTTURINN
 MÁNUDAGUR
 26. MARS
 TJARNARBIÓ
 SKRÁNING
 FILMFEST.IS
 STENDUR YFIR

ATH. MYNDIRNAR ERU
 EKKI VIÐ HÆFI YNGRI EN 16 ÁRA
KLUKKAN 19.00
 VERÖLD
 GEISJUNNAR
 (World of Geisha
 / Yojoan fusuma no urabari)
 (JAP), Tatsumi Kumashiro, 1973.
KLUKKAN 21.00
 RAUÐHÆRÐA KONAN
 (The Woman with Red Hair
 / Akai kami no onna)
 (JAP), Tatsumi Kumashiro, 1979.

Við keyrum það áfram...

Nýja Sendibílastöðin
568 5000
www.sendibilar.is

VERÐUR ÞÚ
 MILLJÓN
 Á MORG

GOTT FOLK

WILD HOGS
Stærsta grínmyndin í Bandaríkjunum á þessu ári

300
Kvikmyndaupplifun ársins
Stærsta opnun ársins

25
AMBIO
George CLOONEY · Kate BLANCHETT · Tobey MAGUIRE
Sýnd í Háskólabíói

MUSIC & LYRICS
ROMANTISK GAMANMYND

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

Frönsk- Kvikmynda hátíð 3. Mars Til 1. Apríl

THE GOOD GERMAN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B116	MON PETIT DOIGT	kl. 8 - 10:15	B116
300.	kl. 6 - 8:30 - 11	B116	LADY CHATTERLEY	kl. 8:30 - 11	B116
MUSIC AND LYRICS	kl. 8	B116	HORS DE PRIX	kl. 8:45 - 10:15	B116
			BALKAN BAROQUE	kl. 10:15	B116

AMBIO / ALFABAKKA			AMBIO / KRINGLUNNI			AMBIO / KEFLAVÍK			AMBIO / AKUREYRI					
WILD HOGS	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 8:30 - 10:20 - 10:30	B116	SMOKIN ACES	kl. 10:30	B116	WILD HOGS	kl. 6 - 8:15 - 10:30	B116	300	kl. 8 - 10:20	B116	WILD HOGS	kl. 4 - 8 - 10:10	B116
300.	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B116	BRIDGE TO TEREIBITHIA	kl. 4 - 6:10	Leyfð	300.	kl. 5:30 - 8 - 10:10 - 10:30	B116	NORBIT	kl. 8	Leyfð	300	kl. 5:40 - 8 - 10:40	B116
300. VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30	Leyfð	VEFURINN ... M/- Isl tal	kl. 3:40	Leyfð	NORBIT	kl. 5:50 - 8	Leyfð	WILD HOGS	kl. 10:10	Leyfð			
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 5:50 - 8	B112	FRÁÍR FÆTUR M/- Isl tal	kl. 3:40	Leyfð	Skráðu þig á SAMbio.is								
MUSIC & LYRICS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	Leyfð				www.SAMbio.is 373 8900 www.SAMbio.is								

Bósar og drósir

Franska myndin *Hors de prix* hefur allt sem þrýða má rómantíska gamanmynd: skemmtilegt handrit, góða leikara og mátulega mikil skrípalæti og speki. Í aðalhlutverkum eru stórstirnir Audrey Tautou og hinn minna þekkti Gad Elmaleh en þau bera uppi ástarsögu tveggja tækifærissinna sem rekast hvort á annað með hlægilegum afleiðingum.

Söguþráðurinn er einfaldur, strákur hittir stelpu, strákur verður skotinn í stelpu en stelpa fer illa með hann, strákur gefst ekki upp en stelpa er algjör tik, upp rennur ljós fyrir stelpunni en þá er strákurinn orðinn afhuga. Allt fer vel að lokum eftir dagóðan skammt af misskilningi. Sögu sviðið er franskur strandbær þar sem glamúrinn lekur af slektinu, sem útmálað er sem óttalega yfirborðskennt pakk, en þar er gósenland fyrir bósa og drósir sem vilja hafa fé og merkjari vöru af hinum eldri og útlifaðri

í skiptum fyrir þokkafull samskipti (þar er titillinn sterk vísun en hann gæti útlagst sem eitt-hvað „yfirgengilega dýrt“).

Tautou, sem þekktust er fyrir aðalhlutverkið í myndinni *Amélie*, er afbragðs grínleikkona og hér sést hún í óvæntu hlutverki flagðsins og fer vel með. Elmaleh leikur kunnulega týpu af duldu hjartaknússara, sakleysingja sem reynist úrræðagóður og afar smart þegar búid er að klæða hann upp í tískufatnað. Saga hans er hálf Óskubuskukennd og ekki til eftirbreytni þó hann hreppi hnossið í lokin.

Aukaleikararnir eru einnig afar skemmtilegar týpur og húmorinn þýðist vel hingað upp á klakann.

Frakkar kunna sannarlega til verka þegar kemur að gríninu og þessi mynd er óttalegur gullmoli þó að boðskapurinn sé máski döldið vafasamur.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



KVIKMYNDIR

Hors de prix

Frönsk kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

Leikstjóri: Pierre Salvadori/Aðalhlutverk: Audrey Tautou og Gad Elmaleh.

★★★

Velheppnuð gamanmynd með vafasaman boðskap.

Semur við Starbucks

Sir Paul McCartney er fyrsti tónlistarmaðurinn til að gera útgáfusamning við kaffihúsakeðjuna Starbucks. Fyrirtækið tilkynnti á dögunum að það ætlaði að semja við tónlistarmenn undir merkjum Hear Music, sem hefur hingað til gefið út plötur án þess að eiga réttinn að lögunum. Vinsælasta plata Hear Music til þessa er Genius Loves Company þar sem Ray Charles syngur dúetta.

Sir Paul McCartney, sem hóf feril sinn með Bítlumum á sjöunda áratugnum, vonast til að nýja platan komi í búið í byrjun júní. Segir hann að nýja platan verði mjög persónuleg þar sem bæði verði horft í fortíðina og nútíðina. Hlakkar hann til að nálgast aðráendur sína á nýjan hátt.

Þrettán þúsund Starbucks-kaffihús er að finna víðs vegar um heiminn. Á meðal þeirra eru fjögur Hear Music-kaffihús þar sem



PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi hefur gert útgáfusamning við Starbucks.

viðskiptavinir geta keypt tónlist og brennt hana á geisladiska.

„Það er mjög öflugur vettvangur þegar hægt er að ná athygli 44 milljóna manna á hverri viku í gegnum Starbucks,“ sagði Glen Barros, forseti Concord Music Group, samstarfsaðila Hear Music.

VAMÆRINGUR

UN?

Á morgun þriðjudag drögum við út 30 milljónamæringa. Verður þú einn af þeim?

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.



HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

WWW.HHI.IS

> „Svaraðu, kallinu“

Þetta söng meistarar Herbert Guðmundsson á sínum tíma. Það er óhætt að segja að handknattleiksdeild Vals hafi svarað kalli Fréttablaðsins um betri umgjörð á handboltaleikjum því þeir buðu upp á sjálfan Geir Ólafsson á leik liðsins gegn Stjörnunni í gær. Geir tók lagið við hvert tækifæri í gær og sló eðlilega í gegn eins og hans er von og vísa. Getum við ekki annað en hrósað Valsmönnum fyrir framtakið þó seint sé af stað farið. Vonandi er þetta forsmekkurinn af því sem koma skal hjá Hlíðarendapiltum.



sport

sport@frettabladid.is

KYLFINGURINN BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON: VARÐ Í 43. SÆTI Á MÓTI Í EVRÓPUMÓTARÖÐINI Í PORTÚGAL

Sjálfsstraustið er gott þessa dagana

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson varð í 43. sæti á Madeira-móttinu sem kláraðist í gær. Birgir lék síðasta hringinn á 73 höggum, eða einu yfir pari, og lauk því keppni á móttinu á pari. Gærdagurinn byrjaði ekki vel hjá Birgi en hann fékk skramba strax á fyrstu holu. Næstu ellefu lék hann á pari. Hann náði síðan tveim fuglum undir lokin en fékk einnig skolla sem hann var ósáttur við.

„Dagurinn var ekki alveg nógu góður fannst mér. Ég var klaufi í byrjun og fékk líka slakan skolla. Ég hefði viljað gera betur en svona er þetta. Ég á nóg inni og maður verður bara að spara það fyrir stóru móttin,“ sagði Birgir Leifur, sem hefur staðið sig með miklum sóma á Evrópumótaröðinni og komist í gegnum niðurskurðinn á fjórum af þeim fimm mótum sem hann hefur tekið þátt í.

„Það er ánægjulegt að stöðugleikinn sé góður hjá mér. Nú þarf að bæta í og sækja meira. Það vantar ekki mikið upp á að ég nái enn herra á mótunum. Ég finn að ég er nálægt, ég hef verið að fá góðar

stöður en hef ekki nýtt færin mín nógu vel. Það kemur, vona ég. Það þýðir ekkert annað en að vera þolinmóður, þetta kemur síðan. Sjálfsstraustið er gott þessa dagana og trúin er til staðar,“ sagði Birgir, sem kom til Lissabon í gær þar sem hann tekur þátt í móti sem byrjar á fimmtudag.

Atvinnukylfingar ferðast gríðarlega mikið og Birgir Leifur tekur öllu með stófskri ró. Hann segist ekkert vera búinn að fá nóg af því að búa í ferðatöskunni.

„Þetta er bara mjög gaman og spennandi. Þetta líferni venst líka. Auðvitað saknar maður fjölskyldunnar mikið en það koma mörg tækifæri á milli til að vera saman. Það eru kostir og gallar í þessu starfi eins og öðrum. Þetta er vinnan sem ég valdi mér og ég get ekki neitað því að þetta er ótrúlega gaman,“ sagði Birgir Leifur að lokum.



FÖGNUMUR Jóhann Gunnar Einarsson fagnar hér ótrúlegu jöfnunarmarki sínu gegn HK í gær. Það kom beint úr aukakasti eftir að leiktíminn var liðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meistararnir gerðu HK grikk

Valsmenn eru í góðri stöðu í DHL-deild karla eftir leiki gærdagsins. HK klúðraði unnum leik og þarf að treysta á önnur lið ætli það að ná Valsmönnum.

HANDBOLTI Valur er í vænlegri stöðu í DHL-deild karla eftir sigur á Stjörnunni í Laugardalshöll, 31-25. Valsmenn hafa nú tveggja stiga forskot á HK, sem tapaði dýrmætu stigi á heimavelli gegn Íslandsmeisturum Fram. Lokatölur 24-24. Jöfnunarmark Framara kom beint úr aukakasti eftir að leiktíminn var liðinn. Valur hefur einnig betur í innbyrðisviðureignum liðanna. Staða Fylkis versnaði til muna eftir að liðið tapaði fyrir ÍR en með sigri hefði Fylkir jafnað Hauka að stigum.

Það eru í raun tveir úrslitaleikir í deildinni um næstu helgi þegar Valur sækir HK heim og Fylkir tekur á móti Haukum. HK verður að vinna þann leik og treysta

á hagstæð úrslit í lokaumferðunum. Vinni Valur leikinn um næstu helgi er Íslandsmeistaratitillinn svo gott sem þeirra.

Fylkir er tveim stigum á eftir Haukum og vinni Fylkismenn ekki um næstu helgi geta þeir væntanlega byrjað að pakka þar sem þeirra bíður dvöl í 1. deild að ári. Miðað við frammistöðuna í gær eru þeir ekki líklegir til mikilla afreka í framhaldinu.

Leikur HK og Fram í gær var skrautlegur. Bæði lið voru fjarri sínu besta og sóknarleikur liðanna var ákaflega klaufalegur lengstum. HK tók frumkvæðið í upphafi síðari hálfleiks og hélt því nánast til enda.


Þá brugðust taugar leikmanna

liðsins einu sinni sem oftast. Í stöðunni 23-20 var formsatriði að klára leikinn en þá fóru leikmenn HK að taka illa ígrunduð skot og misstu mann af velli. Fram gekk á lagið og Jóhann Gunnar skoraði beint úr aukakasti undir lokin.

„Ég er orðlaus. Við gáfum eftir undir lokin, því er ekki að neita. Við köstuðum þessu frá okkur,“ sagðu hundsvekkur aðstoðarþjálfari HK, Gunnar Magnússon. „Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta kemur fyrir og það vantaði að einhver tæki af skarið undir lokin. Þetta á varla að vera hægt. Nú er þetta ekki lengur í okkar höndum og ef við vinnum ekki Val um næstu helgi er ballið búið.“

henry@frettabladid.is

Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl
Núna Mazda6
Frábær í endursölu



GCI ALMANNATENGLS - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

KR-SNÆFELL 82-79
Stíg KR: Jeremiah Sola 21, Brynjar Þór Björnsson 15, Fannar Ólafsson 13, Skarphéðinn Ingason 12, Edmund Azemi 8, Tyson Patterson 6, Pálmi Sigurgeirsson 5, Darri Hilmarsson 2.

Stíg Snæfells: Sigurður Þorvaldsson 21, Hlynur Bæringsson 16, Jón Ólafur Jónsson 11, Justin Shouse 11, Magni Hafsteinsson 9, Martin Thuesen 4, Guðni Valentinsson 3, Árni Ásgeirsson 2, Helgi Reynir Guðmundsson 2.

Iceland Express-deild kvk:

ÍS-HAUKAR 84-74
Stíg ÍS: Casey Rost 31 (7 stoðs., 7 frák.), Stella Rún Kristjánsdóttir 20, Signý Hermannsdóttir 8 (17 fráköst, 6 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 6 (6 stoðs.), Helega Jónsdóttir 6, Tinna Björk Sigmundsdóttir 5, Hafdís Helgadóttir 4, Lovisa Guðmundsdóttir 2, Svandís Sigurðardóttir 2.

Stíg Hauka: Helena Sverrisdóttir 27 (13 frák., 6 stoðs., 6 stolnir), Krístrún Sigurjónsdóttir 13, Ifeoma Okonkwo 13 (11 frák.), Unnur Tara Jónsdóttir 8, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Sigrún Amundadóttir 3, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 3.

DHL-deild karla:

HK-FRAM 24-24 (13-11)
Mörk HK (skot): Valdimar Þórsson 9/4 (14/4), Tomas Eitutis 4 (8), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (7), Augustas Strazdas 3 (6), Sergey Petraytis 3 (5), Sigurgeir Árni Egiðsson 1 (1).

Varin skot: Egidijus Petkevicius 16/1.
Hraðaupphlaup: 5 (Valdimar, Strazdas, Petraytis, Sigurgeir).

Utan vallar: 6 mínútur.

Mörk Fram (skot): Jóhann Gunnar Einarsson 9/2 (16/3), Hjörtur Hinriksson 4 (7), Einar Ingi Hrafnsson 4/2 (4/2), Stefán Baldvín Stefánsson 3 (5), Þorri B. Gunnarsson 2 (2), Sigrúf Páll Sigfússon 1 (1), Sergey Serenko 1 (1).

Varin skot: Magnús Erlendsson 15.

Hraðaupphlaup: 7 (Stefán 2, Jóhann 2, Sergey, Þorri, Hjörtur).

VALUR-STJARNAN 31-25
 ÍR-FYLKIR 30-29

STADAN:

1. VALUR	17	13	1	3	488:444	27
2. HK	17	11	3	3	467:431	25
3. FRAM	17	9	2	6	512:472	20
4. STJARNAN	17	9	0	8	463:460	18
5. AKUREYRI	17	7	2	8	454:469	16
6. HAUKAR	17	4	4	9	477:499	12
7. FYLKIR	17	4	2	11	471:505	10
8. ÍR	17	4	0	13	480:532	8

Snæfell byrjaði of seint

KR vann fyrsta leikinn í undanúrslitaeinvíginu gegn Snæfelli, 82-79. Eftir að hafa yfirspilað Hólmara í þrjá leikhlutu gáfu KR-ingar vel eftir í lokin og sluppu með skrekkin. Leikurinn lofar mjög góðu fyrir framhald rímmunnar.

KÖRFUBOLTI KR-ingar sluppu með skrekkin á heimavelli sínum í gær. Þeir gjörsamlega þokkuðu Snæfelli í þremur leikhlutum en virtust fara á taugum í síðasta fjórðungnum þegar Snæfell kom til baka af fullum krafti með Jón Ólaf Jónsson í broddi fylkingar. Því miður fyrir gestina kom þessi kafli of seint og KR vann frekar verðskuldað, 82-79.

KR-ingar mættu gríðarlega grimmir til leiks fyrir framan troðfullt hús af áhorfendum vestur í bæ sem létu vel í sér heyrna frá upphafi. Heimamenn spiluðu hreint frábæran varnarleik í leikhlutunum sem sló gestina algjörlega út af laginu. KR-ingar keyrðu síðan hraðaupphlaupin af stakri sníll og áður en gestirnir voru vaknaðir var fyrsti leikhlutinn allur og KR með 14 stiga forystu, 25-11.

Heimamenn létu ekki þar við sitja heldur héldu áfram að þjarma að gestunum. Þeir köstuðu sér á alla bolta og voru mun grimmar en gestirnir. Þegar best lét náði KR 20 stiga forystu, 43-23. Snæfell rétti aðeins úr kútnum undir lok hálfleiksins en átti engu að síður verðugt verkefni fyrir höndum í síðari hálfleik enda þrettán stigum undir, 43-30.

Sami munur var á milli liðanna nánast allan þriðja leikhlutann og því var forskot KR-inga enn drjúgt þegar einn leikhloti lifði leiks, 67-52.

Það gekk ekkert hjá Snæfelli að saxa niður forskot KR en þegar fimm mínútur lifðu leiks setti Sigurður Þorvaldsson niður þriggja



TYSON GÓÐUR Tyson Patterson skoraði ekki mikið í gær en lék engu að síður vel og stýrði leik KR af milkum myndarskap. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stiga körfu og munurinn ellefu stig, 76-65, og vaknaði þá smá von í hjörtum Hólmara. Snæfell náði í kjölfarið að minnka muninn í níu stig, 76-67, og var það í fyrsta skipti í langan tíma sem munurinn var minna en tíu stig.

Jón Ólafur setti niður þriggja stiga körfu skömmu síðar. 77-72 og KR-ingar tóku leikhlé enda Snæfell farið að anda niður í hálsmálið á þeim. Jón Ólafur hélt áfram að raða niður þriggja stiga körfum og KR-ingar voru að fara á taugum þegar hann minnkaði mun-

inn í tvö stig, 78-76. Mínúta eftir. Lokasekúndurnar voru æsispennandi og taugar KR-inga héldu síðustu sekúndurnar og þeir fögnuðu þriggja stiga sigri, 82-79.

„Ég veit ekki hvað gerðist. Við förum á taugum undir pressu og það má ekki gerast í svona leik,“ sagði besti maður vallarins, KR-ingurinn Jeremiah Sola. „Það er mjög mikilvægt að vinna fyrsta leikinn og við erum hjartsýnir fyrir næsta leik í Hólminum sem við ætlum að vinna.“

henry@frettabladid.is



STIGAHÆSTAR Helena Sverrisdóttir og Casey Rost voru stíghæstar hjá sínum liðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild kvenna: Stúdínur jöfnuðu metin

KÖRFUBOLTI ÍS varð fyrsta liðið til þess að vinna Hauka á árinu þegar liðið vann 84-74 sigur á Íslandsmeisturunum í öðrum undanúrslitaleik liðanna í Iceland Express-deild kvenna í gær. ÍS jafnaði þar með einvígið í 1-1.

Haukaliðið var búið að vinna 15 leiki í röð fyrir leikinn og var komið með 14 stiga forskot, 35-49, þegar 4 mínútur voru liðnar af seinni hálfleiknum. Stúdínur unnu næstu fjórar mínútur 19-2 og komust yfir.

Stella Rún Kristjánsdóttir var síðan hetja Stúdína í fjórða leikhlutunum þegar hún skoraði 13 af 20 stigum sínum. Casey Rost átti mjög góðan leik hjá ÍS sem og Stella og þá var Signý Hermannsdóttir sterk undir körfunni. Hjá Haukum var Helena Sverrisdóttir í sérflokk en Ifeoma Okonkwo náði hins vegar ekki að fylgja eftir góðum fyrsta leik og klikkaði á 9 af 14 skotum sínum. - 66j

Mazda

Veldu rétt

Mazda6 er hagkvæmasti bíllinn í rekstri í sínum stærðarflokki, samkvæmt félagi þýskra bíleigenda, ADAC. Komdu í Brimborg og prófaðu Mazda6.

Prófaðu eitthvað nýtt. Gerðu samanburð á japönskum gæðum - berðu saman bæði gæði og þjónustu Toyota og Mazda. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Vertu sportlegur. Veldu annan stíl. Núna Mazda6.

Mazda6 Touring 4 dyra 2,0i sjálfskiptur
2.590.000 kr.*

Vertu sportlegur
 Veldu annan stíl
 Núna Mazda6

Aflaðu þér
 frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

brimborg
 Öruggur staður til að vera á

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.10

Grey's Anatomy

Spennan heldur áfram í Grey's Anatomy en síðasta þætti lauk með óláti Meredith. Í þætti kvöldsins bíður starfsliðið á Seattle Grace á milli vonar og ótta eftir góðum fréttum af Meredith en þær virðast ekki ætla að koma. Christina á sérstaklega erfitt með að takast á við þessar skelfilegu aðstæður en Burke hvetur hana til að vera við hlið Meredith.



► VIÐ MÆLUM MED OLIVER'S TWIST STÖÐ 2 KL. 19.40

Ný þáttaröð með vinsælasta sjónvarpskokki í heimi, Jamie Oliver. Þar eldar hann fyrir vini og vandamenn; tónlistarmenn, fyrirsætur, töframenn og kokka. Við fáum að kynna því hvernig Jamie kaupir í matinn, hverjar eftirlætisverslanir hans eru og hvernig halda á hið fullkomna matarboð. Í kvöld fara lærlingarnir á veitingastað Jamies í matarboð á heimili hans.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
09.05 Laufskálinn	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.13 Stefnumót	18.24 Auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.25 Spegillinn
12.00 Fréttayfirlit	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.03 Hádegisútlarp	19.00 Vítinn
12.20 Hádegisfréttir	19.30 Laufskálinn
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	20.10 Söngvámál
13.00 Vít og breitt	21.00 Vísindamaður á tali
14.03 Útlarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt	22.15 Lestur Passíusálma
14.30 Miðdegistónar	22.21 Úr tónlistarlífinu
15.03 Krossgötur	00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

15.35 Meistaradeild Evr. í handbolta

19.50 Iceland Express-deildin 2007 Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfuknattleik.

21.45 Þýski handboltinn Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá þjóðverjum og hallirnar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.

22.15 Football and Poker Legends í heimsmótaröðinni í póker eru sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Þar er keppt um stórar upphæðir og gjarnan eru þar atvinnumenn á ferð. Við og við eru svo haldin óhefðbundin mót þar sem stórstjörnum úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spilaborðinu.

23.55 Iceland Express-deildin 2007 Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfuknattleik.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignir á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Postmand Per 6.15 Rubbadubbers 6.30 Kongehuset 7.00 Italienske fristelser 7.30 Debatten 8.10 Fugle i natten 8.30 Studenterne fra Pumwani 9.00 Livet ombord 9.30 Herlufsholm 10.00 TV Avisen 10.10 21 Søndag 10.50 Jubibeveægelsen - Landsmøde 11.15 Dejans rejse - i krigens spor 11.50 Aftenshowet 12.20 Vagn hos kwieme 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Skildpaddens hæv 14.35 Monster allergi 15.00 Troldspejlet 15.30 Den lille brandskole 15.55 Gurli Gris 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ud i det blå 18.00 Det vilde Hawaii 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Hercule Poirot 21.35 OBS 21.40 Poul Martinsen kavalakade 22.30 Hjerteflimmer 4.30 Karlsson på taget 5.00 Rasmus Klump 5.10 Peter Pedal 5.30 Kaj og Andrea 6.00 Postmand Per

NRK1


04:25 Frokost-tv 07:30 Nye dansker 08:00 Siste nytt 08:05 Med hjartet på rette staden 09:00 Siste nytt 09:05 VM svømming 2007 10:00 Siste nytt 10:05 VM svømming 2007 11:00 Siste nytt 11:05 Schrödingers katt 11:30 Migrapolis: Ensom majestet 12:00 Siste nytt 12:05 Norge rundt 12:30 Åpen himmel 13:00 Siste nytt 13:05 Lyoko 13:30 Den blå sandens hemmelighet 14:00 Siste nytt 14:03 Totalt genialt! 14:30 Fabrikken 15:00 Siste nytt 15:10 Oddasat - Nyheter på samisk 15:25 Tid for tegn 15:40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15:55 Nyheter på tegnspråk 16:00 Mikkes klubbhus 16:25 Sauer 16:40 Distriktsnyheter 17:00 Dagsrevyen 17:30 Puls 17:55 Faktor: Anette Sagen - lufta er for alle 18:25 Redaksjon EN 18:55 Distriktsnyheter 19:00 Dagsrevyen 21 19:30 Forbrytelsen 20:30 Smith og Jones: godt og blandet 21:00 Kveldsnytt 21:15 Store Studio 21:55 Dalziel og Pascoe 22:45 Dalziel og Pascoe

SVT 1

7.30 Världen 8.30 Ekonomicoaching 8.55 Ramp om matematik 9.25 Mattepatrullen 9.35 Mattepatrullen 10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspegeln 12.30 Kärlek och störtopp 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Kaksi/två 15.30 Krokmax 16.00 Charlie och Lola 16.15 Räkna med skägg 16.30 I huvudet på ungar 16.35 Orkestern och bärn som komponerar 16.40 Dr Dogg 16.55 Känsliga bitar 17.00 Lilla sport-pegeln 17.30 Rapport 18.00 Ordförande Persson 19.00 Plus 19.30 Kobra 20.00 Supernatural 20.45 Rapport 20.55 Kulturyheterna 21.05 Bingo Royale 21.50 Sopranos 22.45 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

Sjónvarpsstöðin Sirkus aðeins fyrir áskrifendur Stöðvar 2

Sirkus í læstri dagskrá frá og með deginum í dag



Sjónvarpsstöðin Sirkus er ferskasta sjónvarpsstöð landsins sem sýnir sjónvarpsefni fyrir ungt fólk á öllum aldri. Í samstarfi við Stöð 2 verður dagskrá Sirkuss styrkt og þjónusta við áhorfendur aukin. Við bætist sú nýjung að vinsælastu þættir Stöðvar 2 frá kvöldinu áður verða endursýndir frá kl. 22 á hverju kvöldi. Þessi viðbótarþjónusta er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Sirkus er einungis opin fyrir áskrifendur Stöðvar 2.



LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það er brennt þessa dagana. Coco Rosie, safndiskurinn Just Good Music þar sem Jean-Marc Challe velur tónlistina, og I'm Your Man með Leonard Cohen. Svo er Rás 1 mjög gjarnan hluti af deginum líka.“

Ragna Fróðadóttir, fatahönnuður.

Silvía Nótt í mexíkóskri sápuóperu

„Við fórum til Mexíkó til að búa til alvöru sápuóperu með Silvíu Nótt í aðalhlutverki,“ segir Börkur Sigþórsson, sem leikstýrir nýjasta myndbandi stórstjörunnar Silvíu Nætúr. Börkur dvaldist með hópi Íslendinga í Mexíkó í nokkra daga við gerð myndbandsins sem



STJARNA Í MEXÍKÓ Silvía Nótt tók upp nýtt myndband sitt í Mexíkó.

kemur fyrir augu landsmanna á næstu dögum. Og að sjálfsögu var Silvía, eða Agústa Eva Erlendsdóttir eins og skapari hennar heitir, í aðalhlutverki.

„Þetta var mjög skemmtileg upplifun,“ segir Börkur en upptökur fóru að mestu fram á tókustað þarlendrar sápuóperu. Notuðust Íslendingarnir bæði við mexíkanska aðstoðarmenn og aukaleikara. „Við breyttum tókustaðnum aðeins til að ná því fram sem við vildum. Það er reyndar svo ótrúlega mikil dramatík í þessari sápuóperumeningu þarna, og í raun klikkun, að erfitt yrði að toppa það,“ segir leikstjórinn.

Yfirskrift myndbandsins er Las noches de Silvia og er mynd-



LAS NOCHES DE SILVIA Yfirskrift nýs myndbands Silvíu Nætúr.

bandið allt í rómantískum anda níunda áratugarins. „Við fengum mexíkóskan fola til að leika á móti Silvíu í

söngatriðunum sem tekin voru á Akapulko. Það var mjög 80s,“ segir Börkur.

Börkur segir að þrátt fyrir að Mexíkóferðin hafi verið mjög vel heppnuð hafi hópurinn þurft að taka út nokkurn aðlögunartíma. Matarmeningin lagðist misvel í Íslendingana, einn veiktist og flestir fengu aðeins í magann.

„Nema náttúrliga Silvía, það er alveg vitað að hún hefur ekki hægðir,“ segir Börkur.

- hdm



STYRDI DROTNINGUNNI Börkur Sigþórsson fékk það verðuga verkefni að leikstýra Silvíu Nótt.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2 mats 6 bardagi 8 besti árangur 9 fúadý 11 kusk 12 tæta 14 óbundid mál 16 berist til 17 væl 18 for 20 tveir eins 21 krukka.

LÖÐRÉTT
1 slitrott tal 3 hljóm 4 planta 5 arinn 7 stíflaður 10 nálægst 13 nægilegt 15 slæma 16 hryggur 19 óreiða.

PURÍÐUR SVERRISDÓTTIR: VANN MEÐ GÖTUSTELPUM Í MEXÍKÓ

Yngsta stúlkan átta ára

Puríður Sverrisdóttir er nýsnúin heim frá Mexíkó, þar sem hún vann sem sjálfbóðaliði á heimili fyrir götustelpur í fimm mánuði. Á heimilinu dvöldust að jafnaði um 45 stelpur, sem höfðu þurft að beita kjafti og klóm til að komast af á götum Mexíkóborgar. „Það er svo mikið um eiturlyf að sumar stelpnanna höfðu gerst burðardýr. Þær ferja þá eiturlyf á milli seljanda og kaupanda,“ sagði Puríður, sem alla jafna er kölluð Dússý. Hún kynntist einnig stúlku sem hafði hrakst að heiman eftir að faðir hennar misnotaði hana kynferðislega. Á götunni framfleytti hún sér með því að selja líkama sinn. „Hún hugsaði sem svo að það væri betra: hún fengi borgað fyrir, og þekkti mennina ekki,“ sagði Dússý.

Starfsemi heimilisins sem Dússý vann á var tvískipt. „Það er eitt heimili í Mexíkóborg og eitt uppi í sveit, í Jilotepec. Þar var ég,“ útskýrði hún. Í Mexíkóborg dvöldust stúlkurnar sem enn verra var komið fyrir. „Flestar stelpurnar sem höfðu leiðst út í vændi voru þar. Það var enn meira um að mæður þeirra væru vændiskonur, og stelpurnar höfðu þá þurft að fylgja þeim í vinnunni,“ sagði Dússý. Talið er að



VENJULEGAR STELPUR Puríður Sverrisdóttir vann á heimili fyrir götustelpur í Mexíkó. Hún segir stelpurnar hafa verið ósköp venjulegar þrátt fyrir erfíðleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í Mexíkóborg séu um 50.000 götubörn, en þau eru þó ekki öll munadarlaus. „Þessar stelpur áttu fjölskyldur. Foreldrarinn voru yfirleitt í neyslu, annað hvort háðir fikniefnun eða áfengi,“ sagði hún. „Í sumum fjölskyldum er fólk líka bara fáfrótt og fátækt og eignast barn eftir barn. Svo á það oft mörg gæludýr líka. Stundum eru þau látin ganga fyrir svo börnin hrekjast út á götu.“

Dússý, sem er tuttugu og þriggja ára gömul, starfar sem kaffibarbjónn á Kaffitári. „Mig langaði að gera eitthvað annað en að fara að læra meira. Mig langaði líka í hjálparstarf, svona fyrir mig. Ég ætlaði ekkert að bjarga heiminum,“ sagði hún og hló við. Dússý hélt því út á vegum Alþjóðlegra ungmennaskipta, sem aðstoðuðu hana við

að finna sér verkefni í ferðinni. „Heimilið var þó ekkert tengt því, það var bara einkaframtak,“ sagði Dússý. Stelpurnar koma þangað eftir að Rauði krossinn sækir þær af götunni. Þær mega dveljast á heimilinu þar til að þær ná átján ára aldri, en þá þurfa þær að koma fótunum undir sig á ný. Dússý sagðist hafa ímyndað sér hvers kyns hrylling áður en hún kom til Jilotepec. „Þegar ég mætti voru stelpurnar svo bara algjör krútt. Hins vegar eru þær slyngar líka, þær hafa náttúrulega þurft að komast af á götunni. En þegar þær voru að koma heim úr skólanum með vinkonuvandamál og þess háttar, fann maður að þessi stofnun gerði annað og meira en að gefa þeim húsnæði. Þær fengu annað líf,“ sagði hún. sunna@frettabladid.is

LAUSN
16 bak, 19 ru.
8 tó, 7 teppur, 10 nær, 13 nóg, 15 illa,
5 melasló, 4 mela, 3 om, 4 melasló, 5
LÖDRÉTT: 1 tafs, 3 om, 4 melasló, 5
gól, 18 sur, 20 lí, 21 krús.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Ómar Ragnarsson.
- Borðtennis, KR.
- Borgarholtsskóla.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



BRUGDIÐ Á LEIK Yngsta stúlkan á heimilinu heitir Ana Karen og er átta ára gömul.

120. ÚSSG. 2006

Sparaðu á bók

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Sparaðu fasta fjárhæð, allt frá 500 kr. á mánuði
- Veldu innlánsreikning – hægt er að velja á milli bundinna eða óbundinna og verðtryggðra eða óverðtryggðra innlánsreikninga

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.

Landsbankinn

Pétur Jóhann er til á lager

„Ég hafði nú bara ekki séð þetta, þú segir mér fréttir,“ svaraði Pétur Jóhann Sigfússon þegar hann var inntur eftir því hvernig honum litist á að leika á móti Michael Imperioli í íslensku kvikmyndinni Stóra planið. Eins og fram kom í Fréttablaðinu nýverið hefur bandaríski leikarinn samþykkt að leika glæpaforingjann Alexander, en hann er hvað þektastur fyrir hlutverk sitt í Sopranos. „Ég hef nú reyndar ekki



IMPERIOLI Órlög hans verða örugglega fallegri en í Goodfellas þar sem hann varð fyrir barðinu á harðsvíruðum mafíósum.

horft mikið af þeim þáttum og kem manningum eða andlitinu á honum ekki fyrir mér,“ segir Pétur. Eftir lýsingar blaðamanns á atriði úr Goodfellas þar sem Joe Pesci skýtur persónu Imperioli í hnéskeljarann eftir orðskipti þeirra kviknar hins vegar á perunni hjá Pétri. „Alveg rétt, nú list mér enn betur á þetta,“ segir hann og skellir upp úr. Pétur Jóhann hefur verið á fullu

PÉTUR JÓHANN Hefur ekki horft mikið á Sopranos en kannadist við mótleikara sinn úr Goodfellas.

síðastliðið ár. Segist sjálfur vera til á lager ef fari að bera á einhverjum skorti. „Ég er nýbúinn að leika í nýjum Thule-auglýsingum, ný sería af Stelpunum er til einhvers staðar uppi í hillu og svo er það Næturvaktin sem við erum nýbúinir að klára,“ útskýrir Pétur, sem hræðist það ekki að fólk fái nóg af honum.



„Nei, maður verður bara að passa sig á því að gera nógu fjölbreytta hluti þannig að áhorfendur verði ekki farnir að dæsa eftir fimm til sex ár þegar andlitid á manni birtist á skjánum,“ segir Pétur. - fgg

FORESTER



Borgaðu fyrir fólksbíl. Fáðu jeppling.



JÓNSSON & LEIMÁKKS · JÚLÍ · SÍA

Subaru Forester er ótrúlegur jepplingur. Hann er lipur og léttur í borgarakstri og óstöðvandi þegar þú byrjar að skoða landið betur en þér hefur áður verið fært. Síteingt aldrifið tryggir einstakt veggríp og niðurstaðan er jepplingur sem er öruggari á veturna og kemst allt á sumrin. Gerðu samanburð og þú munt sjá að Forester eru bestu jepplingakaupin á Íslandi í dag.

www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason		Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

*Á meðan birgðir endast.

200.000 KR. KAUPAUKI

Vindskeið, heilsársdekk og 16" álfelgur.*

Verð frá **2.590.000,-**

Subaru Forester með 2.0 lítra vél og 158 hestöflum.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Um trúarstyrk þjóðarinnar

Í nýstofnuðu lýðveldi dreymdi mig eins og fleiri ungmenni um að verða einhvern tímann milljónamæringur. Sá draumur hefur ræst en samt er ég alltaf jafnblankur. Draumar virðast hafa tilhneigingu til að rætast á annan hátt en maður gerir ráð fyrir.

FRAMAN af ævi leit ekki út fyrir að draumur minn mundi rætast. Smámsaman kom í ljós að hæfileikar mínir hlytu að vera á öðru sviði en auðsöfnunar. Ég var líkari Andrésí óráðsúðnd en frændanum Jóakim auðga. Það kom mér því á óvart þegar það rann upp fyrir mér einn góðan veðurdag árið 1978 að ég var orðinn milljónamæringur. Að slíkt mundi gerast hafði aldrei hvarflað að mér, ekki einu sinni í svæsnustu bjartsýnisköstum.

BAKSLAG kom í ríkidæmi mitt árið 1980 þegar skipt var um mynt og deilt með hundrað í eigin fólks og ég hvarf úr hinum útvalda hópi íslenskra milljónamæringa um hríð. En þjóðin náði að þrauka. Neyslufélagið áfram og innflutningur náði sér á strik. Og ég er kominn aftur. Mér hefur skotið upp sjálfkrafa. Nú er ég orðinn margfaldur milljónamæringur bæði í debet og kredit án þess að hræra legg né lið.

SVONA hafa framfarirnar verið á öllum sviðum – meira að segja því andlega. Nú eru allir skólar landsins orðnir að háskólum nema Ísaksskóli. Með einföldu pennastríki er hægt að breyta margföldunartöflunni í æðri menntun. Með sama áframhaldi get ég búist við því að vera orðinn milljarðamæringur þegar ég dey og gamla stúdentsprófið mitt mun jafngilda margföldu doktorsnámi. Þá mun Gullna hliðið ljúkast upp og þegar ég geng inn fer klíður um englaskarann: - Þetta ku vera enn einn milljarðamæringurinn frá Íslandi, eyju hinna sjálfkrafa framfara. Hvað er eiginlega í gangi?

ÞÁ stigur fram Drottinn allsherjar og segir við hinn fiðræða hóp: - Elsku kjúklingarnir mínir, íslenska efnahagsundrið byggist á trúarstyrk íslensku þjóðarinnar. Hún er eina þjóðin í heiminum sem hnýtir aftan í kvöldbænina sína á hverju kvöldi: - Þetta hlýtur að reddast einhvern veginn!



NISSAN

QASHQAI ER KOMINN!

KOMDU OG REYNSLUAKTU

Qashqai er glænýr tímamótabil frá Nissan. Þessi borgarjeppi sem beðið hefur verið með þvílíkri eftirvæntingu á Íslandi á eftir að koma verulega á óvart, enda helsti tiskubíllinn í evrópskum borgum.

Qashqai sameinar eiginleika töff borgarbíls og harðsnúins fjallajappa.

Qashqai – allt á einu bretti.

Ingvar Helgason

Sævarhóla 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reykjavíki 474 1453

SHARP XL-UH220H

- 5 diska geistaspilari - Spilar MP3, CD-R/RW - Magnari: 2 x 50W RMS
- USB tengi - spilar tónlist beint af miniskubbum, MP3 spillurum o.fl.
- AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni - Vekjarkúkkja
- 6 tónjafnarastíllingar og X-BASS kerfi - Fullkomin fjarstýring



Kr. 35.900

Wii
LEIKJATÖLVA
NÝ
UPPLIFUN!

Nær 6 milljón Nintendo Wii leikjatölur seldar á 4 mánuðum um allan heim.

Kr. 29.900

Nintendo



SAMSUNG

SAMSUNG YP-Z5F

- Frábærir MP3 spilarar
- Flottir, vandaðir og öflugir.
- 43 klist, rafljóðbúending
- Lita skjár
- 4 litir - svartur, hvítur, silfur, bleikur
- 1 GB = 14.900 kr.
- 2 GB = 19.900 kr.
- 4 GB = 27.900 kr.

Frá kr. 14.900

Ferminargjöf
frá Ormsson
hljómar vel.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

WWW.ORMSSON.IS

